

IKEA
snuðar
starfsmenn
um bókus

**FORDÓMAR Í
GRUNNSKÓLUM**
„Þú ert bara
ljót og svört“

5. JÚLÍ 2019 / 27. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

ÍDV

**SAMSÆRISKENNINGAR
UM KÓNGAFÓLKID**



STRAUMHVÖRF Í LÍFI MARIU BIRTU

- Orðin atvinnuglímukappi
- Athyglin eftir Óróa óþægileg
- Ekkert mál að leika í nektarsenum
- Sér ekki eftir neinu

ÍSLENSKRI STÚLKU NAUÐGAÐ Á KRÍT

- Árásin sögð afar hrottaleg
- Tveir þjóðverjar handteknir
- Bæjarfélagið lamað



Svikaslóð Auðar

„ÞAÐ ÞARF AÐ
STOPPA HANA“

Margar gerðir af **FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

Barnabílstólar í úrvali
RECARO

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is





Síðustu orðin

„Það eru þrjár leiðir til glötunar: konur, fjárhættuspil og tæknimenn. Sú ánægjulegasta er með konum, sú fljótlegasta með fjárhættuspili og sú öruggasta með tæknimönnum.“

– Georges Pompidou, forsætisráðherra Frakklands 1962–1968 og forseti frá 1969 til dánardags, 2. apríl 1974.

Á þessum degi, 5. júlí



1865 – William Booth heldur fyrsta fund Austur London Christian Mission í tjaldi í Whitechapel í London. Í maí 1878 breytti hann nafninu í Salvation Army (Hjálpræðisherinn).



1946 – Bikíní er sýnt í fyrsta sinn við sundlaug á tískusýningu í París.



1980 – Eftir fjögurra klukkustunda keppni vinnur Björn Borg sigur á John McEnroe í tennis á Wimbledon, þetta er sögulegur fimmti sigur Borg í röð.



1994 – Amazon.com stofnað í Bellevue í Washington.



1996 – Einræktun kindarinnar Dolly kemst í heimsfréttirnar. Breski vísindamaðurinn Ian Wilmut og samstarfsmenn hans við Roslin-stofnunina í Skotlandi fjarlægðu kjarna úr eggfrumum kindar og settu í staðinn tvílitna kjarna úr líkamsfrumum kindar af öðru kyni. Ein tilraun af 277 heppnaðist og Dolly þroskaðist edlilega.



MYND: EYÞÓR/DV

Slökun á Ísland Úlfur dvelur nú á Íslandi með fjölskyldunni en flytur til London í næsta mánuði.

Klippir heimilislausu í Hong Kong

■ Yfirvöld reyna að fela vandann ■ Fólk sefur í búrum
■ Vill hjálpa heimilisláusum í London

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dvis

Síðasti göngutúrinn í Hong Kong var erfiður. Ég var farn að þekkja marga og sjá sama fólk á aftur og aftur. Það er erfið að sjá gaurana sem maður er búinn að hanga með hálfdaða úti á götu með sprautunál í handleggnum. Það er ekki sérstaklega gaman,“ segir Úlfur Mork.

Úlfur er fæddur og uppalinn á Íslandi. Móðir hans er íslensk og faðir hans hálfur Norðmaður og hálfur Íslendingur. Úlfur flutti til Noregs með fjölskyldu sinni tíu ára gamall og hefur síðustu ár búið í Hong Kong. Undanfarna mánuði hefur hann lagt hönd á plóg með góðgerðarsamtökunum ImpactHK. Samtökin voru stofnuð fyrir þremur árum og hafa vaxið hratt. Markmið þeirra er að hjálpa heimilisláusum í Hong Kong, veita þeim stuðning og tækifæri til betra lífs.

Missti fjölskylduna og fór á götuna

Úlfur byrjaði að vinna fyrir ImpactHK fyrir nokkrum mánuðum og tók til að byrja með þátt í svokölluðum kærleiksgöngum þar sem sjálfbodaðar ImpactHK fara um þekktu íverustaði heimilisláusra og gefa þeim mat, drykk, föt og annað. Smátt og smátt komst Úlfur meira inn í starfið og fór að bjóða heimilisláusum uppá klippingu og rakstur í nafni ImpactHK.

„Margir sem setjast í stólinn eru spennir að spyrja mig spjörnum úr. Vilja vita hvaðan ég kem og hver ég er. Þeir eru spennir að æfa sig í enskunn því margir tala enga ensku. Ég kann ekki mikið við að spyrja þetta fólk um þeirra fortíð, því starf HK Impact snýst um að byggja upp vinatengsl og einskonar fjölskyldu – eitthvað sem marga vantar því þeir eru aleinir,“ segir Úlfur og rifjar upp sögu af einum 72ja ára gömlum manni sem kom í klippingu.


„Hann er gífurlega vel menntaður. Hann lærði í Japan, ferðaðist um heiminn og var háskólakennari í Hong Kong. Hann missti fjölskyldu sína og þegar sonur hans svipti sig lífi fór hann að halda til í garði í Hong Kong og hefur dvalið þar í tólf ár. Hann á íbúð en vill ekki búa þar. Mér finnst saga hans sýna vel að það er ekki nóg að gefa þessu fólk íbúð eða peninga. Eftir viku gæti það verið komið á sama stað og áður. Þess vegna reynum við að binda saman þennan vinahóp og mynda litla fjölskyldu saman,“ segir Úlfur. „Sumt af þessu fólk hefur bara tekið vitlausu beygju í lífinu og þarf hjálp. En þetta tekur allt tíma. Það tók þennan gamla mann tvö ár að koma til HK Impact í klippingu. Nú sækir ég hann alltaf þegar ég er að klippa og hann kemur með mér. Vonin er að hann ákveði að koma einhvern tímann upp á eigin spýtur.“

Heimilisláusir sofa í búrum

HK Impact er opið frá 10 til 21 alla daga og boðið er upp á þrjár máltíðir á dag fyrir þá sem vinna. Þeir sem hafa áhuga á að komast af götunni, fá vinnu og húsnæði er hjálpað með það, en Úlfur segir að engu sé þröngvað upp á fólk. Hann segir úrræði sem þessi þörf þar sem heimilisleysi sé gríðarstórt vandamál í Hong Kong.

„Yfirvöld gera svo mikið til að fela þetta. Það læsir af brýr og kemur fyrir steinum svo fólk geti ekki sofið undir þeim. Þannig að við þurfum oft að leita þetta fólk uppi. Einu sinni rakst ég á mann sem var bara í bol. Það var það eina sem hann var í, annars var hann allsber. Það er engin hjálp fyrir menn eins og hann. Heimilisláusir fá fjögur þúsund krónur á mánuði frá ríkinu en fyrir tvö þúsund krónur er hægt að leigja sér bú til að sofa í. Þá er fjögur hundruð hundabúrum staflað ofan á hvort annað og fólk sefur þar. Alveg hræðilegt. Það eru margir sem deyja á götunni og

Nóg að gera Úlfur klippir konu sem þrífur göturnar á lúsaralaunum.



„Einu sinni rakst ég á mann sem var bara í bol. Það var það eina sem hann var í, annars var hann allsber.“

oft gengur maður fram á hálfdautt fólk í gönguferðum. Það er skelfilegt.“

Stórir draumar í London

Úlfur er í sambandi með ástral-skrí konu og eiga þau tveggja ára dóttur saman auk þess sem konan hans á níu ára dóttur úr fyrra sambandi. Þau eru á Íslandi fram í næsta mánuð þegar nýtt ævintýri tekur við. Fjölskyldan ætl-

ar að setja að í London þar sem kona Úlfur fékk gott atvinnutilboð í bankageiranum. Úlfur ætlar að næla sér í meistarpóf í hárgreiðslu í London og dreymir um að opna góðgerðadrafna hárgreiðslustofu þar sem hver keypt klipping þýðir ókeypt klippingu fyrir einhvern í neyð.

„Ég vona að ég nái að skapa það sama í London og HK Impact náði að skapa í Hong Kong.“ ■

Aðeins
146.000 kr/m²

Einbýlishús í einingum við verksmiðjudyrr – Stærð og litir að vali kaupenda

Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með **vönduðu og hagstæðu** húsi frá Húseiningu

- Íslensk hönnun og framleiðsla
- Fjölmargar stærðir og útfærslur
- Gott úrval klæðninga
- Lágmarks viðhald, þarf aldrei að bera á eða mála..



- Allar einingar klæddar með láréttri álbáru í verksmiðju
- Gluggar og hurðir, fullglerjað og frágengið í einingum ásamt vatnsbrettum
- Gluggar og hurðir frá hinum þekktu framleiðanda Rehau í Þýskalandi
- Steinullareinangrun í útveggi og loft
- Rakavarnarlag og lagnagrind innan á útveggi og í loft
- Einingar í afstúkun bílgeymslu og einangrun
- Brunahurð, EL30, milli bílgeymslu og aðalrýmis
- Boltar, vinklar, festingar og límkiti
- Suðupappaborði milli sökkulplötu og eininga, ásamt innri þéttiborða
- Állokunarlistar og aðrar flasningar að utan
- Þakkantur í smábáru, lóðrétt, ásamt vinyl loftunarplötum undir þakkant
- Þakrennur eru hvítar plastrennur ásamt niðurföllum

www.huseining.is



Hver er hann?



■ Fæddur á þessum degi 1959 og er því 60 ára í dag.

■ Hann gaf út plötuna Kettlingar, með hljómsveitinni Hendes verden.

■ Í apríl lenti hann í leiðinlegu atviki á skíðum í Chamonix í Frakklandi.

■ Hann er tónlistarmaður og leikari.

■ Hann lék í annarri seríu Ófærðar eftir að hafa í nokkur ár verið fjarri sviðsljósinu.

SVAR: VALDIMAR ÖRN FLYGENING, TÓNLISTARMAÐUR OG LEIKARI

Það er staðreynd að...



Keanu Reeves var verslunarstjóri pastaverslunar í Toronto í Kanada áður en hann varð kvikmyndaleikari.



Staffirnir M & M í sælgætinu eru upphafsstaffir Mars og Murrie sem bjuggu sælgætið til upphaflega.



Krókódílar eru litblindir.



Nintendo framleiddi fyrst spilastokka.



Kettir verja 66% af ævi sinni sofandi.

„MIKILL URGUR OG ÓÁNÆGJA Í STARFSMÖNNUM“



Um 300 starfsmenn IKEA fengu ekki bónus greiddan

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Hjá mörgum fyrirtækjum þekkist það að greiða starfsfólki bónusa af ýmsu tagi, til dæmis fyrir mætingu, fyrir góðan árangur í starfi, þegar fyrirtækið nær ákveðnum markmiðum og annað slíkt.

IKEA hefur í nokkur ár greitt starfsmönnum sínum bónus fyrir mætingu, svokallaðan viðverubónus. Greiðslan er ekki skyldugreiðsla samkvæmt kjara- og/ eða ráðningarsamningnum heldur einfaldlega úrræði sem yfirmenn IKEA gripu til á sínum tíma til að hvetja starfsfólk sitt til að mæta oftast í vinnu og koma í veg fyrir miklar fjarvistir starfsmanna vegna veikinda.

Heimildarmaður DV sem er starfsmaður hjá IKEA segir að bónusinn hafi fyrst í stað verið greiddur út einu sinni á ári, en seinna hafi því verið breytt og hann greiddur út tvisvar á ári, um mánaðamót júní/júlí með launum fyrir júnímánuð og um mánaðamót desember/janúar með launum fyrir desember. Heimildarmaður DV vill ekki koma fram undir fullu nafni þar sem hann óttast um starfsöryggi sitt hjá IKEA og segir orðrétt „þeir sem hafa verið með eitthvað miður, hafa yfirleitt verið látnir fara“, við skulum því kalla hann Jón hér eftir.

„Síðustu áramót var bónusinn greiddur og því gerðu starfsmenn ráð fyrir að fá hann einnig greiddan núna“, segir Jón, en þegar launin fyrir júnímánuð voru greidd föstudaginn 28. júní kom í ljós að bónusinn fylgdi ekki með.

„Ég spurði yfirmann minn hvort hann vissi eitthvað um

þetta og hann vissi ekkert meira en ég“, segir Jón, sem unnið hefur hjá IKEA í nokkur ár og segir hann mikinn urg og óánægju vera hjá starfsmönnum vegna málsins. „Þetta var eina málið sem var rætt hér í kaffi- og matartímum á mánudaginn.“

Allir starfsmenn IKEA hafa fengið bónusinn greiddan, hvort sem þeir eru í fullu starfi eða hlutastarfi, en Jón segir um 300 manns vinna í heild hjá fyrirtækinu. „Þeir sem eru hér í hlutastarfi, hafa fengið hann greiddan í samræmi við starfshlutfall“, segir Jón. Jón bætir við að yfirmenn IKEA hafi verið mjög stoltir af því þegar viðverubónusinn byrjaði og framtakið hafi einnig vakið athygli hjá VR.

Flestir starfsmenn IKEA eru í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, en nokkrir í Eflingu. Í samtali blaðamanns við VR hefur ekkert svona mál komið inn á þeirra borð. „Það er svolítið erfitt að svara fyrir svona mál, við höfum fengið mál inn á okkar borð sem snúa að mætingabónusum, en það þarf bara að skoða hvert mál fyrir sig, ráðningarsamninga og slíkt“, segir Stefán Sveinbjörnsson.

„Almennt séð er svigrúm þegar um mætingabónus er að ræða og sérstaklega þegar hann á að ná til langs tíma“, segir Stefán og ítrekar að skoða þurfi hvert mál fyrir sig.

Starfsmenn mæta veikir til að ná viðverubónus

Bónusinn er um 100.00 kr. tvisvar á ári og er tekinn af fjárhæðinni skattur og önnur gjöld, engu að síður er um að ræða upphæð sem starfsmenn hafa lagt allt kapp á að fá greidda. „Fólk er farið að gera ráð fyrir að fá þennan bónus

greiddan, eðlilega, og hefur gert allt til að svo verði. Hafa þeir til dæmis mætt í vinnu slappir, komið veikum börnum sínum fyrir hjá ættingjum eða vinum og nýtt fremur sumarfrisdaga sína til þess að rýra ekki bónusinn. Komi hins vegar til veikinda hjá starfsmanni eða barni hans og hann hefur þurft að nýta veikindadaga fer bónusinn stíglækkandi, og hverfur alveg ef starfsmaðurinn er frá í fimm daga. Þetta var enn erfiðara þegar bónusinn var greiddur bara einu sinni á ári, þá mátti maður ekki vera frá í einn dag veikur, þá byrjaði hann strax að lækka“, segir Jón.

Rétt er að minna hér á að samkvæmt kjarasamningi VR á starfsmaður eftir sex mánaða starf rétt á 12 dögum vegna veikinda barna undir 13 ára aldri, og heldur starfsmaður launum auk vakta- og yfirvinnuálags. En starfsmenn hjá IKEA hafa ekki haldið viðverubónusnum ef þeir eru frá vegna eigin veikinda og/ eða veikinda barna sinna.

„Alltaf ljóst að bónusinn væri endurskoðaður árlega“

„Bónusinn var endurskoðaður um áramótin og ákveðið að hætta að greiða hann út“, segir Guðný Camilla Aradóttir fjölmiðlafulltrúi IKEA.

„Eftir á að hyggja hefði kannski verið betra að hafa þetta skýrara, það vissu allir deildarstjórar af þessu, en kannski komst það ekki til skila til allra starfsmanna, en það fylgdi alltaf sögunni að bónusinn yrði endurskoðaður árlega. Framkvæmdastjóri var með fund í janúar þar sem hann útskýrði hvernig þetta yrði næst.“

Var þetta þá bara útskýrt fyr-

ir deildarstjórunum? „Já væntanlega, en ef það er eitthvað í þessu sem hefði mátt gera betur þá hefði það verið að tryggja það betur að allir fengu að vita þetta. Það hefði kannski verið hægt að vinna það betur.“

Bónusinn byrjaði árið 2012 vegna þess að veikindi höfðu aukist mjög og voru óútskýranlega mikil eins og gerist og gengur hjá fyrirtækjum og í þessum bransa. Þetta var leið til að prófa hvort þetta myndi koma í veg fyrir þessar óútskýrðu fjarvistir. Að sjálf-sögðu er fólk veikt þegar það er veikt, en þetta var meira en það. Þetta virkaði vel í svona þrjú ár, svo fór þetta að verða aftur eins og var og svo var þetta bara alveg hætt að virka, sem er ástæðan fyrir að það var ákveðið að hætta þessu.

Bónusinn er hinsvegar endurskoðaður árlega og ekkert búið að ræða framhaldið. Hann kom sér mjög vel fyrir þá sem gátu nýtt sér þetta.“

Fórnir í hálf tveimur til einskis

Jón segir að mesta reiðin hjá starfsmönnum liggi ekki í því að bónusinn hafi ekki verið greiddur heldur hvernig yfirmenn IKEA stóðu að málinu. „Þeir hefðu alveg getað greitt hann síðustu áramót og tilkynnt þá að þetta væri í síðasta sinn sem hann væri greiddur“, segir Jón, sem sjálfur hefur starfað hjá fyrirtækinu í nokkurn tíma og því fengið bónusinn greiddan nokkrum sinnum. „Allir þeir starfsmenn sem hafa mætt slappir til vinnu, nýtt sumarfrisdaga sína og komið veikum börnum sínum fyrir hjá ættingjum eða vinum til þess að geta mætt í vinnu síðastliðna sex mánuði færðu því fórnir til einskis.“ ■

Aðförin að pulsunni



Svarthöfði

Svarthöfði hélt framan af viku að hún yrði frekar tíðindalítill. Allir uppteknir við að maka á sig sólarolíu og nýta örugglega alla mögulega sól-argeisla. Grilla í Crocs-urunum sínum og hlusta á Stál og hnifur í botni. Ósköp venjuleg vika í lífi Íslendinga um sumar. Sú varð nú aldeilis ekki raunin.

Svarthöfða sveltist á morgunuppáhellingunni og kaffikorgurinn frussaðist yfir eldhúseyjuna þegar hann sá að nú væri ekki lengur móðins að fá sér pulsu eftir sund. Það verður víst

enginn pulsuvagn við Sundhöllina í Reykjavík. Hvaða djöfulsins mannvonska er það?! Hvað næst? Enginn landi í Breiðholtiinu?

Nú er Svarthöfði ekkert gefinn fyrir að leggja leið sína niður í miðbæ Reykjavíkur. Svarthöfði hefur einfaldlega ekki áhuga á lunda-böngsum og rándýrum hræátufiski með fitugum frönskum. En þegar að pulsuvagninn var bannaður var honum nóg boðið. Þvílík aðför að þjóðarrétti Íslendinga hefur ekki sést fyrr né síðar.

Ekkert er hægt að kenna latteþjandi snobburunum í 101 með sína skósíðu treffa einum um því þetta átti víst að vera eitthvað



gúrmet, hvernig sem það svo sem er borið fram. Stjörnukokkur ætlaði að gefa svöngum sundgestum pulsu venju samkvæmt.

Svarthöfði leggur til að samfélagið risi upp og mótmæli þessari aðför að pulsunni. Hvers á hún að gjalda? Svarthöfði efast

reyndar um að pulsan hafi áhuga á að prófa eitthvað nýtt eins og hunangsgljáðan rauðlauk og súsvíð remúlaði, en það má allavega leyfa henni að njóta vafans. Þetta er nú eftir allt saman pulsan okkar allra og hún á betra skilið frá pulshóturunum í ráðhúsinu.

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

Íslenskri stúlku nauðgað á Krít

■ Stúlkan er nítján ára og var í fríi ■ Tveir Þjóðverjar í gæsluvarðhaldi ■ Árásin sögð vera afar hrottaleg

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Nítján ára gamalli íslenskri stúlku var nauðgað af tveimur þýskum karlmönnum í bænum Hersonissos á Krít í síðasta mánuði. Málið er til rannsóknar hjá þarlandum lögregluvirkendum. Samfélagið í bænum er harmi slegið vegna málsins. Árásin er sögð hafa verið afar hrottaleg.

Grískir fjölmiðlar greina frá málinu og lýsa því meðal annars sem „grimmdarverki“, „hryllingi“, „hörmung“ og „ódæðisverki“. Er málið sagt vefjast fyrir yfirvöldum og þá sé allt bæjarfélagið í áfalli vegna þess. Á vef Cretalive og Cretapost er stúlkan sögð hafa verið í „hræðilegu ástandi“.

Menntaskólanemar í útskriftarferðum

Síðustu ár hafa sífellt fleiri Íslendingar lagt leið sína til Hersonissos, sem er orðinn einn stærsti og vinsælasti ferðamannabærinn á Krítareyju. Þúsundir íslenskra menntaskólanema voru staddir í útskriftarferð í bænum í síðasta mánuði.

Fram kemur að íslenska stúlkan hafi verið í fríi á Hersonissos þann 13. júní síðastliðinn. Var hún



að skemmta sér á bar í bænum og hitti þar mennina tvo frá Þýskalandi. Á fréttavefnum Oparlapip- as kemur fram að mennirnir tveir

hafi einnig verið staddir í fríi á Krít. Annar þeirra er sagður vera 34 ára gamall en hinn 38 ára.

„Bar stúlkan kennsl á þá á lögreglustöðinni „með tár í augum“

Árásin í dimmu húsasundi

Samkvæmt málsgögnum drógu mennirnir tveir stúlkuna út af barnum seinna um kvöldið. Á fréttavef Matrix kemur fram að árásin hafi átt sér stað í dimmu húsasundi og að mennirnir tveir hafi nauðgað stúlkunni „marg-sinnis“. Þeir flúðu því næst af vettvangi. Stúlkan komst við illan leik til baka á hótelið þar sem hún dvaldi. Hún leitaði á lögreglustöð í kjölfarið og tilkynnti brotið. Er hún sögð hafa verið „í miklu áfalli“. Lögreglan er sögð hafa brugðist afar skjótt við og leiddi það til þess að mennirnir tveir fundust og voru handteknir aðeins nokkrum klukkustundum síðar. Stuttu eftir að mennirnir voru handteknir bar stúlkan kennsl á þá á lögreglustöðinni „með tár í augum“.

Erfitt að finna lífsýni

Stúlkan gekkst undir lækni skoðun og kemur fram að lækni hafi meðal annars fundið smápeninga og peningaseðil í leggöngum hennar. Þá kemur fram að erfitt hafi reynt að finna lífsýni á líkama stúlkunnar.

Ekkert sæði fannst við skoðunina en að sögn stúlkunnar notuðu árásarmennirnir smokk.

Mennirnir neita báðir sök í málinu. Við yfirheyrslur sögðust þeir aldrei hafa hitt stúlkuna áður. Þeir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald og er málið til rannsóknar hjá lögreglu samkvæmt frétt á vef Cretalive. Þá er málið komið inn á borð saksóknaraembættisins í Heraklion.

DV hafði samband við blaðafulltrúa utanríkisráðuneytið við vinnslu fréttarinnar sem gat ekki tjáð sig um málið að svo stöddu. ■

HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Hersonissos Vinsæll áfangastaður á Krít.



Vinsæll sumarleyfisstaður

Hersonissos er einn af vinsælustu ferðamannastöðunum á Krít, en bærinn er 28 kílómetra austur af Heraklión. Áður en bærinn vakti lukku meðal ferðamanna var þar lítið annað að finna en litla

höfn sem þjónaði veiðimönnum í bænum. Nú er staðnum lýst sem grískri paradís þar sem ferðamenn finna fjölbreytta afþreyingu, allt frá ströndum og sundlaugagörðum til sögulegra minja og fjörugs næturlífs.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurláun 3, 210 Garðabær



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***





Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

MYND: EYÞÓR/DV

María Birta stígur út fyrir þægindarammann

María Birta um lífið og leiklistina í Hollywood – Bregður sér í glænýti
Sér ekki eftir neinu – „Það var algjört djók og þannig er allt líf mitt“

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



María Birta, leikkona og athafnakona með meiru, hefur verið með annan fótinn úti í Los Angeles síðastliðin sex ár að reyna fyrir sér í einum harðasta bransanum þarna úti, Hollywood-bransanum. Nýlega skrifaði María Birta undir sinn stærsta samning til þessa og mun koma fram sem glímukappi og leikkona á sviði í Las Vegas og Skotlandi. Hún leikur í nýjustu kvikmynd stórleikstjórans Quentin Tarantino, sem er jafnan talað um sem stærstu mynd ársins. Við ræddum við Maríu Birtu um leiklistarferilinn, #MeToo-byltinguna, Tarantino-ævintýrið, frikófun og margt annað.

Hollywood

Eftir að María Birta fékk græna kortið í Bandaríkjunum hefur hún átt mun auðveldara með að fá vinnu.

„Ég er búin að taka þátt í endalausum verkefnum síðasta hálfa árið eftir að ég fékk græna kortið,“ segir María Birta. Hún útskýrir það nánar og segir að vegabréfsáritunin sem hún hafði verið með áður

takmarkaði hvaða hlutverk hún mátti taka að sér. „Þú þarft eiginlega að vera í aðalhlutverki í því sem þú ert að taka þátt í. Það er náttúrulega ekkert djók að koma frá Íslandi og ætla sér að keppa á móti öllum stærstu leikkonum í heimi fyrir hlutverk í stað þess að geta unnið sig hægt og rólega upp. Þannig að það er búin að vera miklu auðveldara að komast að núna.“

#MeToo-byltingin breytti miklu María Birta hefur upplifað Hollywood bæði fyrir og eftir #MeToo-byltinguna. Hún segir að margt hafi breyst, þökk sé byltingunni.

„Það er minna ætlast til af þér,“ segir María Birta og nefnir dæmi: „Ég fór í áheyrnarprufu hjá HBO fyrir stóra þáttaröð. Vanalega myndu þeir vilja að þú myndir ganga alla leið í áheyrnarprufum. Ég átti að fara úr blússunni, en mér var sagt að ég þyrfti þess ekki. Það hefði enginn þælt í þessu fyrir #MeToo,“ segir María Birta.

„Það eru svona litlir hlutir sem hafa breyst mjög mikið. Sérstaklega ef þú ert að leika í innilegri senu á setti, þá er sérstakur samræmingaraðili (e. intimacy coord-

inator). Það er kona, eða maður, sem vinnur sérstaklega við það að passa að öllum líði vel, til dæmis spyrja hvort það sé í lagi að mittið sé snert. Þetta eru litlu hlutirnir en gerir það að verkum að það eru allir rosalega öruggir á setti. Það munar mjög miklu, mikið betra.“

Fleiri hlutverk fyrir konur

María Birta segir að margt annað hafi breyst í bransanum í kjölfarið.

„Það eru miklu fleiri hlutverk í boði fyrir konur í dag. Miklu bita-stærri og skemmtilegri hlutverk. Sérstaklega fyrir eldri konur, því þær hafa átt rosalega erfitt síðustu árin. Við eigum svo mikið af frábærum íslenskum konum sem eru komnar yfir fertugt og það er bara eitt og eitt hlutverk sem þeim býðst sem er skemmtilegt og bita-stætt og þær langar að vinna með,“ segir María Birta og nefnir þáttinn Big Little Lies.

„Þetta er risastór þáttur. Þetta hefði kannski ekki alveg verið þátturinn fyrir tuttugu árum. Þetta er það sem er að gerast, fólk vill sjá kvenhlutverkin stærri og við erum að sækjast í það. Mér finnst alltaf, og ég þæli mikið í því sjálf, að ég sé að kjósa með peningunum mínum. Ég fer sérstaklega að borga

mig inn í bíóhús að sjá öll kvenhlutverkin. Ég vil meira af þessu.“

Feimin á sviði

Spennandi tímar eru fram undan hjá Maríu Birtu. „Ég er að vinna að mjög spennandi verkefni. Ég er að fara á sviði í fyrsta skipti. Ég er mjög, mjög stressuð yfir því,“ segir María Birta og ljóstrar því upp að hún sé rosalega feimin mann-eskja.

„Ég á mjög erfitt með að fara upp á sviði. Ég gæti alveg gert það ef þetta væri sena í bíómynd og það væru fimm hundruð manns úti í sal en það er eitthvað, ég bara fíla ekki að vera uppi á sviði. Mér finnst það mjög óþægilegt,“ segir María Birta. Henni bauðst þrjú önnur hlutverk á sama tíma að skora á sig sjálfa og stíga út fyrir þægindarammann. En hvaða verkefni er það sem María Birta er að fara að taka að sér?

„Ég er í raun ráðin sem glímukappi og leikari,“ segir hún. „Mér bauðst þetta hlutverk því upp á síðkastið er ég búin að vera að gera mínar eigin brellur (e. stunts). Mér finnst „action sport“ mjög skemmtilegt. Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og er búin að vera að

prufa mig áfram í mismunandi bardagaþróttum.“


Því miður getur María Birta ekki sagt okkur mikið um verkefnið. „Ég skrifaði undir fimmtán blaðsíðna samning um að ég megi ekki segja neitt. En ég verð þarna í einhvers konar bardagasenu. Þetta verður í Skotlandi og Las Vegas.“

María Birta verður í tíu mánuði í Las Vegas. „Ég hef aldrei skrifað undir svona langan samning. Það fannst mér mjög stressandi, að festa mig niður því það er svo mikið í gangi. En þetta var svo spennandi tækifæri að ég gat ekki sagt nei.“

Leikur í stærstu mynd ársins

María Birta leikur í nýjustu Quentin Tarantino-myndinni, sem verður hans næstsíðasta kvikmynd. Myndin kemur út í næsta mánuði og er talað um að þetta sé stærsta mynd ársins. María Birta leikur Playboy-kanínu í myndinni.

„Ég veit í raun ekki hversu mikið sést í mig í myndinni,“ segir María Birta og segir söguna hvernig hún fékk hlutverkið ótrúlega myndna. „Ég sótti um hlutverk og vissi að þetta yrði svona tímabilsmynd og mér fannst það æðislegt, ég elska



tt hlutverk glímukappa – og hefur alltaf verið“

þegar það eru búningar frá öðrum tímabilum,” segir María Birta og bætir við að hún hafi ekki vitað að um væri að ræða Tarantino-mynd þegar hún sótti um hlutverkið.

Nokkrar vikur liðu og María Birta hafði ekkert heyrt frá framleiðendum myndarinnar. Hún reiknaði með að hafa ekki fengið hlutverkið.

„Svo kemur í ljós að ein stelpa sem fékk hlutverkið, en þetta eru tólf kanínur, held ég, laug svolítið mikið til um stærðina sína. Hún mætti og passaði ekki í búninginn. Þá var hringt í mig og ég spurð hvort ég væri viss um að mittið á mér væri nákvæmlega einhver ákveðin stærð. Ég sagðist halda það en hafi fengið mér risastórt vatnsglas þegar ég vaknaði og kannski væri það einum sentímetra stærra. Konan sem ég talaði við fór að skellihlæja í símann og sagði að það skipti engu, bara að ég væri um það bil í þessari stærð. Ég svaraði því játandi og var beðin um að mæta klukkustund síðar í máttun,” segir hún.

Hjartað á Maríu Birtu fór á fullt og ætlaði hún ekki að trúa því að þetta væri að gerast. „Ég fór og mátaði búninginn sem smellpassaði og hann er geggjáður. Hann er

alveg sérsniðinn að mér og saumaður eftir gamla stílum. Það er geggjáð að fá minn eigin búning sem er alveg saumaður á mig,” segir María Birta. „Ég fór svo í tókur viku seinna og var á setti í tvo daga. Þetta var alveg ótrúlega gaman.“

Segir Tarantino snillingur

María Birta hafði mjög gaman af því að vinna með Quentin Tarantino. „Hann er náttúrulega algjör snillingur og er algjör snillingur í að skapa geggjáðan mórál á setti. Það er ótrúlega gaman að vinna á setti með honum því hann fær alla til þess að öskra í byrjun atríða frasa eins og: „Við erum hér því við elskum að gera kvikmyndir.“ Hann er svona einn af okkur, svo allir hafi gaman. Því það sést svo ef allir eru stressaðir. Tarantino er svo vingjarnlegur og skemmtilegur að þetta var svo afslappað einhvern veginn,” segir María Birta.

Hún mun því miður ekki mæta á forsýningu myndarinnar hér á landi því hún verður í Skotlandi.

Fríköfun

María Birta er að æfa fríköfun sem snýst um að kafa án súrefnisbúnaðar. Hún sá færslu frá vinkonu sinni á Facebook um fríköfun.



María Birta á setti FLOW – Fabulous Ladies Of Wrestling. Mynd: Instagram/@mariabirta



Hamingjusöm hjón. Mynd: Instagram/@mariabirta



María Birta í Óróa.



María Birta elskar að vera í vatni og segir fríköfun skemmtilegt sport. Mynd: Instagram/@mariabirta

„Ég elska köfun og ég elska vatn. Ég var einu sinni í eina sundballett landsins. Mér líður mjög vel í vatni og stressast ekkert upp. Mér hefur líka alltaf fundist gaman að halda niðri í mér andanum og kafa,” segir María Birta. „Ég skellti mér á námskeið og það gekk svona glimrandi vel, mikið betur en ég bjóst við. En það er vegna þess að ég á mjög auðvelt með að þrýstijafna eyrun á mér. Margir eiga erfitt með að fara svona djúpt niður og losa spennuna í eyrunum,” segir María Birta og varð strax ástfangin af sportinu.

„Þetta er eitthvað sem allir ættu að læra. Þetta er magnað. Ég vissi ekki að líkami minn gæti gert það sem hann gerir þegar ég er í vatni. Það er bara erfitt að lýsa þessu, hvað maður lærir mikið á sinn eigin líkama í þessu sporti.“

Hélt hún myndi deyja

Dýpsta sem María Birta hefur farið eru 42 metrar. „Ég þori nú alveg að viðurkenna það, en kennarinn minn sagði mér það ekki fyrr en deginum eftir, að ég mátti ekkert fara neðar en tuttugu metra, en ég vissi það ekki. Ég hélt ég mætti bara prufa mig áfram. Ég var áður búin að fara niður á 36 metra,” segir María Birta og lýsir köfuninni.

„Ég fór niður og mér leið alveg rosalega vel, köfunin var búin að ganga mjög vel,” segir María Birta og heldur áfram: „Ég var ekkert að þæla í hvaða dýpt ég væri að fara. Ég var með lokuð augun og toga mig niður. Síðan sneri ég mér við og sá töluna 38 við hliðina á mér. Ég trúði þessu ekki og vissi að það væri stutt í botninn. Það voru tíu mínútur í lokun á sundlauginni og

ég ákvað að skella mér niður. Ég togaði mig niður, snerti botninn og spyrnti mér síðan upp. Um leið og ég spyrnti mér upp hugsaði ég: „Vá, þetta voru mikil mistök, þú ert að fara að drukkna,”“ segir María Birta og hlær.

„Þetta var það fyrsta sem ég hugsaði. „Þetta var aðeins of langt, María mín.“ En svo var ég bara „jæja, ekki hugsa um þetta. Þú varst að æfa björgun og það eru allir þarna uppi að horfa á þig og voru líka að æfa björgun. Þannig þegar þú drukkna, vertu komin eins nálægt toppnum og þú getur.“ Ég hélt áfram að synda í rólegheitunum og alla leiðina upp var ég að segja mér sjálfri að hætta að panika og hugsa það versta. Því maður notar loftið þegar maður er að hugsa svona mikið. Svo allt í ▶

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR ÁN HLIÐSTAEDU

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

María Birta fyrir Svartur á leik.



María Birta og Elli Egiðsson. Mynd: Instagram/@marjabirta



María Birta í sólinni í Los Angeles. Mynd: Instagram/@marjabirta

„Sú hugmynd að ég sé orðin atvinnuglímukappi er sprenglægileg“

einu tek ég eftir því að ég er komin á fjórtán, fimmtán metrana, þá eru lungun orðin aftur nógu stór til að vinna með mér eins og loftblaðra og toga mig upp. Þegar ég finn að ég er farin að lyftast upp þá finn ég að ég næ á toppinn. En það var alveg smá paník þarna neðst niðri. Ó mæ god, þetta var klikkað.“

Athyglin eftir Óróa

María Birta vakti mikla athygli eftir leik sinn í Óróa og skaut upp á stjörnuhimininn á Íslandi eftir að hafa leikið í Svartur á leik. Hún segir athyglina sem hún fékk eftir Óróa hafa verið óþægilegri en sú sem hún fékk eftir Svartur á leik.

„Mun óþægilegri. En það var kannski að ég bjóst ekki við þessari athygli eftir Óróa, engan veginn. Ég vaknaði bara einn daginn, þetta er

það sem er svo fyndið við að vera í blöðunum, að þú veist ekkert fyrir en þú sérð blaðið til sölu í Bónus. Ég vakna einn daginn og á forsíðu Séð og heyrst stóð „Kynþokkafyllsti Íslendingurinn“ og svo stór mynd af mér. Það var svona: Guð minn almáttugur, hvað er í gangi hérna? Vinir mínir voru mjög duglegir að gera bilað grín að mér,“ segir María Birta.

„En öll sú athygli, því ég var svo engan veginn undirbúin fyrir hana, fannst mér mjög óþægileg. Ég var kannski aðeins meira tilbúin þegar Svartur á leik kom út en ég fór samt til Bretlands í þrjá mánuði daginn eftir frumsýningu.“

Nektaratriðið

María Birta lék í nektaratriði í

Svartur á leik. Hún segist ekki hafa fengið neikvæð viðbrögð nema frá einni manneskju.

„Það var ein stelpa sem fannst atriðið vera niðurlægjandi. Og ég er engan veginn sammála,“ segir María Birta. „Þetta var gróft atriði og ég geri mér grein fyrir því, en það var ástæðan fyrir því að ég fylla atriðið. Af því að ég var alveg sammála Óskari leikstjóra þegar hann sagði að hann vildi að þetta væri alveg eins og þetta er. Því þetta er ekki fallegur heimur.“

Henni fannst ekki erfitt að vera nánast nakin allan tímann. „Þetta er bara eins og hver önnur vinna fyrir mér. Ég kippi mér ekki upp við það að ég sé nakin eða aðrir séu naktir, enda erum við fyrir mér ekki mjög nakin. Það að ég sé berbrjóst þýðir ekki að ég sé nakin.“

Í kókópöffs-baði með Ólafi Darra

Aðspurð hvað sé það undarleg-

asta sem hún hefur lent í eða gert á leiklistarferlinum á María Birta erfitt með að ákveða.

„Jii ... ég þarf aðeins að hugsa þetta. Það er mjög margt sem hefur verið mjög skrítið. Ætli það skringilegasta sé ekki þegar ég og Ólafur Darri fórum í mjólkurbað með kókópöffs. Og sú sena var klippt út úr myndinni, hún hefur örugglega verið aðeins of skrítin. En við vorum með skeiðar að borða kókópöffs í baði. Mjög spes,“ segir María Birta og vísar í kvikmyndina XL.

Dr. Phil reidur náungi

Við báðum Maríu Birtu um að segja okkur hvaða stjarna hafi komið henni á óvart fyrir að vera vingarleg og óvingarleg.

„Dwayne Johnsson er einn vingjarlegasti náungi í heiminum. Hann er þekktur fyrir að vera mjög indæll og maður sá það. Ég spjallaði ekkert við hann en að sjá hann á setti, hann er ógeðslega fyndinn og yndislegur. Það er ástæðan fyrir því að honum gengur svona vel líka, hann er náttúrulega sjarmerandi,“ segir María Birta.

„Ég trúir ekki að ég sé að fara að segja þetta en Dr. Phil er ekkert ofboðslega næs gaur,“ segir María Birta og hlær. „Ég hef hitt hann nokkrum sinnum. Við búum við hliðina á Paramount Studios og ég hef yfir þrjátíu sinnum hitt hann. Konan hans er yndisleg og allir aðrir í fjölskyldunni hans en ekki hann. Hann er kominn með ógeð, vinnur hrikalega mikið og svo stingur hann af til Frakklands. Hann er alltaf þar á sumrin,“ segir María Birta. Hún segir hann ekki vera dónalegan heldur reiðan mann.

„Hann er kominn með ógeð af þessu, held ég. Svo er hann kannski bara rosalega næs heima hjá sér, en að sjá hann á setti. Um leið og það er óskrað CUT þá verður hann alveg brjáláður.“

Pankynhneigð í hjónabandi

María Birta tilgreinir sig sem pankynhneigða og hefur verið gift listamanninum Ella Egiðssyni síðan árið 2014.

„Ég hef alltaf laðast að persónuleikum en hafði aldrei heyrt um pankynhneigð fyrir en ég var 21 árs,“ segir María Birta. Þegar María Birta giftist Ella héldu margir að hún væri „orðin gagnkynhneigð“.

„Það fór rosalega í taugarnar á mér. Ég á ofboðslega marga vini í samkynhneigðum samböndum og skilgreina sig sem alls konar. Að sjá að um leið og ég var ekki sýnilega með hinu liðinu þá bara allt í einu hegða sér allir öðruvísi við mig. Mér finnst ég njóta allra þeirra forréttinda í lífinu sem ég fékk ekki þegar ég var að hitta kvenmann. Það var bara pirrandi að taka eftir því. Fólk sættir sig betur við mig eftir að ég giftist Ella,“ segir María Birta.

„Mér finnst fyndið þegar fólk segir við mig að það hafi grundað að ég væri gagnkynhneigð og þetta hafi bara verið tímabil áður en ég giftist Ella. Þá segi ég oft: „Já, þegar þú byrjaðir með manninum þínum, var það þá þegar þú varðst gagnkynhneigð? Ég hef oft sagt þetta, mér er alveg sama þó ég móðgi einhvern. Þetta er svo þröngsýnt að halda að ég breyti um kynhneigð við það að kynast einhverjum þegar þú gerir það ekki. Þetta er svo heimskulegt, ætla að leyfa mér að segja það.“

María Birta og Elli kynntust á Facebook. María Birta sendi á hann fyrirspurn um málverk og aðeins tíu dögum seinna voru þau byrjuð saman. „Við vorum ekki einu sinni búin að hitta hvort annað en við urðum strax svo brjálæðislega ástfangin,“ segir María Birta.

Engin eftirsjá

Við spurðum Maríu Birtu hvort hún sjái eftir einhverju og hún svarar neitandi.

„Nei. Ég myndi ekki segja það,“ segir María Birta og segir að allt sem hafi gerst hafi leitt hana þangað sem hún er í dag.

„Sú hugmynd að ég sé orðin atvinnuglímukappi er sprenglægileg. Elli er stundum bara: „Hvað er að gerast?“ En það var algjört djók og þannig er allt líf mitt og hefur alltaf verið. Það kemur einhver upp að mér og spyr hvort ég vilji prufa eitthvað, og svo allt í einu er ég í því alla daga. Þannig kom fyrsta hlutverkið. Baldvin Z og Ingibjörg Reynis báðu mig að koma í einhverja prufu. Ég fór í prufu upp á djókið og fékk hlutverkið,“ segir María Birta og vísar í Óróa.

„Svo er ég bara orðin leikkona. Svona hefur allt líf mitt verið. Það er ekki hægt að sjá eftir neinu. Þetta átti allt saman að gerast.“ ■

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

Mikið úrval af heilsurúmum og dýnum

Full búð af nýjum vörum



STILLANLEG HJÓNARÚM

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is



SVEFNSÓFI PIU
Verð nú **369.900 kr.**



YARIS SVEFNSÓFI
Verð nú **154.900 kr.**

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

vefverslun
svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa
★★★★★

Umboðsaðilar: Húsgagnaval Höfn Bara snilld ehf. | Egilsstöðum



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er veftátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænin innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra



Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjóri: 512 7010

Sandkorn



Ásmundur í ruglinu

Fréttablaðið sagði frá því að ráðuneyti og stofnanir keyptu auglýsingar á samfélagsmiðlum fyrir tæplega tuttugu milljónir á árunum 2015 til 2018. Félagsmálaráðherra Ásmundur Einar Daðason vísaði því á bug að auglýsingakaup væri liður í stefnu yfirvalda að styrkja íslenska fjölmiðla. Það er hins vegar ekki heil brú í því svari því í gegnum tíðina hefur styrkur frá ríkinu til fjölmiðla falið óbeint í birtingu á ýmiss konar auglýsingum og tilkynningum. Nú er hins vegar leitast meira við það að styrkja erlend stórfyrirtæki, í stað þess að halda peningum innan íslenskra fjölmiðla. Í raun hefur auglýsingapeningur til samfélagsmiðlarisanna margfaldast 2015 til 2018 og á því væntanlega aðeins eftir að hækka. Alveg sama hve góð ríkisstjórnin telur sig vera við fjölmiðla með umdeildu fjölmiðlafrumvarpi, þá virðist alvarleg hugsanavilla standa á bak við þá gervigóðmennsku.

Umdeildur útvarpsstjóri

Magnús Geir Þórðarson

útvarpsstjóri sótti um stöðu þjóðleikhússtjóra og líklegt að hann hreppi hnossid. Margir líklegir eftir-

menn hafa verið nefndir á nafn, en í þeirri upptalningu hefur Kristín Þorsteinsdóttir, útgefandi Fréttablaðsins verið hunsuð. Hún vann á RÚV um árabil en hefur hins vegar ekki veigrað sér við því að gagnrýna RÚV. Hún hefur viðráð þær skoðanir sínar að fréttastofa RÚV sé of hliðholl Sjálfstæðisflokki, fréttamenn beri of mikla virðingu fyrir ráðamönnum og að réttast væri að gera sparnaðarkröfu á RÚV fjármunum almennings væri betur varið. Skoðanir Kristínar hafa ekki farið vel í RÚV-ara, né andstæðinga hennar sem hafa haldið því fram að hún gangi erinda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, en Kristín vann um hríð á samskiptasviði Baugs og stýrir jú því sem oft hefur verið kallað Baugsmiðli.



Breyttir tímar Ungviðid lærir handtök frá gamalli tíð - þau sömu og jafnaldrar þeirra á árum áður unnu dag hvern.

Guð forði okkur frá því að ala upp hugsandi börn

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Það virðist ein vitleysan reka aðra í borgarstjórn Reykjavíkur. Ég er borin og barnfædd í Reykjavík og hélt að ég gæti aldrei búið neins staðar annars staðar. Síðustu ár hef ég hins vegar þakkað mínum sæla að þurfa ekki að skipta mér af borgarpólitíkinni.

Nýjasta útspil Vigdísar Hauksdóttur, borgarfulltrúa Miðflokksins, er að agnúast út í að nokkrir unglingar í vinnuskólanum í Reykjavík hafi lagt niður störf og mótmælt aðgerðarleysi yfirvalda í loftslagsmálum. Vigdís finnst þetta bull og ætla að komast til botns í þessu máli.

Þetta á ég afar erfitt með að skilja. Er það bull að gefa nemendum til

vinnuskólanum möguleika á því að hafa áhrif á framtíð sína? Er það bull að fræða þau um loftslagsmál og þróunina sem getur átt sér stað ef við stöndum aðgerðarlaus hjá og þegjum? Er það bull að kenna þeim hvernig þau geta látið í sér heyra? Er það bull að gefa þeim frelsi til að láta hugann reika, hlusta, fylgjast með og mynda sínar eigin skoðanir á mikilvægum og brýnum samfélagsmálum?

Eða er það ekki nákvæmlega það sem við ættum að vera að gera og viljum gera? Vigdís nær náttúrulega að snúa út úr þessu eins og henni einni er lagið og segir nemendum í vinnuskólanum hafa verið beðnir af Reykjavíkurborg að búa til mótmælaspjöld og fara í kröfugöngu. Ólögráða einstaklingarnir misnotaðir af borginni. Hins vegar var það svo að þetta stóð nemendum til

„Já, það er náttúrulega bara bull.“

boða á hefðbundnum vinnutíma og aðeins brotabrot af þeim sem sækja vinnuskólann þáðu það boð. Getur verið að Vigdís, og reyndar aðrir í borgarstjórn, þrífist á drama og farsakenndum atburðarásam? Svo mikið að þegar að rykið sest þá þarf nauðsynlega að finna nýjan skandal til að feykja því á nýjan leik? Vissulega hafa mörg hneykslismál komið upp í borginni að undanförmu og mjög mikilvægt að komast til botns í þeim. En þegar hver einasta mýfluga er snert töfrasprota og

breytt í úlfalda þá falla alvarlegri málin óneitanlega í skuggann.

Guð forði okkur frá því að víkka út sjóndeildarhring ungmenna sem eru við það að standa á eigin fótum í lífinu. Það gæti verið stórhættulegt að ala þau upp sem þenkjandi fólk sem brennur fyrir sitt nærumhverfi. Það er náttúrulega vitleysa að sýna þeim að lítil þúfa getur velt þungu hlassi og að skoðun þeirra skipti máli. Já, það er náttúrulega bara bull. ■

Spurning vikunnar

Hvað finnst þér um að íslensk stjórnvöld séu að senda börn úr landi?



SPORT



Íþróttavöruverslun

ÚTSAALA

20-50%
afsláttur



Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 12-15

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á [facebook](#)



Sviðin jörð svikahrapps

■ Auður sögð svíkja Íslendinga á Tenerife ■ Sögð liggja á spítala ■ Lætur ekki ná í sig

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Íslensk kona, sem heitir Auður Ólafsdóttir og virðist hafa verið búsett á Tenerife síðan í fyrra, er sökuð um að svíkja íslenska ferðalanga á eyjunni. Hún hefur rekið Facebook-síðuna Tenerife Leigumiðlun þar sem hún hefur boðið húsnæði til leigu og verið dugleg að deila auglýsingum inn í íslenska Facebook-hópa. Hún virðist því hafa einblínt á að markaðssetja íbúðirnar til Íslendinga og flestar auglýsingar frá leigumiðluninni á erlendum síðum, til dæmis Gloopla, eru á íslensku.

Svikin loford

Það var innanhússarkitektinn Gunnhildur Guðnýjardóttir sem vakti fyrst máls á meintum svikum Auðar, sem kallar sig Audi Auo á Facebook. Guðný skrifaði langa Facebook-færslu þar sem hún lýsti fríi sem hún fór í með fjölskyldu sinni til Tenerife í nóvember 2018. Hópurinn samanstóð af sjö fullornum, einum unglingi og tveimur börnum. Hópurinn leigði sér villu í gegnum Auði. Greiddu þau tæpa hálf milljón fyrir eina viku, en villunni var lýst sem lúxushúsnæði. Gunnhildur segir að Auður þessi hafi tekið á móti hópnum daginn sem þau lentu í Tenerife og látið þau vita að þau gætu ekki gisti í húsinu vegna leka sem hafði komið upp tveimur dögum áður. Hópurinn var í staðinn boðin gisting í tveimur húsum sem áttu að vera steinsnar frá hvort öðru.


„Þetta fékk svolítið á okkur en ákváðum að láta á þetta reyna og vera jákvæð enda mætt í frí. Í ljós kom að það var tæplega 10 mínútna gangur á milli húsa og ekkert af því sem hafði verið lofað var til staðar í þessum húsum nema rúm til að sofa í og aðgangur að sundlaug, við gátum ekki einu sinni setið öll saman og borðað þar sem ekki var nóg af stólum og borðbúnaði. Í hvorugu húsinu var loftkæling sem við vorum þó búin að borga fyrir,“ skrifar Gunnhildur í Facebook-færslu, en hún sagði einnig sögu sína í kvöldfréttum Stöðvar 2 fyrir stuttu.

Hópurinn var ekki ánægður með þessa reddingu og tjáði Auði það. Þá segir Gunnhildur að Auður hafi reiðst og verið dónaleg. Hópurinn ákvað að leita að hentugu húsnæði á Airbnb og fann eitt sem uppfyllti allar þeirra kröfur. Þau létu Auði vita sem sagðist þá vera búin að finna aðra, mun dýrari íbúð fyrir hópinn. Þegar hópurinn fékk sendar myndir af eigninni kom í ljós að þetta var sama íbúðin og þau höfðu fundið á Airbnb, nema á þeirri síðu var verðið talsvert hagstæðara. Þegar hópurinn sagði Auði það reiddist hún á nýjan leik, að sögn Gunnhildar, en samþykkti loks að borga íbúðina fyrir hópinn. Það loford var hins vegar svikið.

„Við greiddum fyrir síðari íbúðina úti sem við dvöldum í það sem eftir lifði af fríinu og gerðum ráð fyrir endurgreiðslu frá henni, enda með skriflega staðfestingu á lofordi þar um. Enn þann dag í dag höfum við ekki fengið krónu endurgreidda af þeirri tæplega hálfu milljón sem við greiddum henni fyrir „villuna“ og hún borg-



Próffílmmyndin Þessa mynd notar Auður á Facebook.




Svikin Gunnhildur Guðnýjardóttir segir farir sínar ekki sléttar. Mynd: skjáskot Stöð 2



Brask Dæmi um auglýsingar Auðar á Brask og Brall. Mynd: skjáskot af Facebook



Leigumiðlunin Skjáskot af Tenerife Leigumiðlun á Facebook áður en síðunni var lokað.



aði aldrei Airbnb íbúðina, þannig að þegar upp er staðið greiddum við tæplega 750.000 kr. fyrir húsnæði í eina viku á Tenerife.“

Fullt af símanúmerum – ekkert svar

DV hefur haft samband við aðra sem hafa leigt íbúðir í gegnum Auði og þeir hafa sömu sögu að segja. Þar sem þeirra mál eru í ferli hjá lögfræðingi hafa þessir aðilar ekki viljað tjá sig við blaðið.

Facebook-síða Tenerife Leigumiðlunar hefur verið lokað en enn er hægt að finna auglýsingar um húsnæði á Tenerife á snærum Auðar á fyrrnefndri vefsíðu Gloopla. Allar eignir til leigu eru á Adeje-ströndinni á suðvesturhluta Tenerife. DV hefur ítrekað reynt að ná sambandi við Auði, bæði í gegnum tölvupóst, síma og Facebook. Nokkur símanúmer eru tengd henni, bæði íslensk og spænsk. Eitt af íslensku númerunum sem DV prófaði virtist vera ótengt og þegar hringt var í spænskt númer, sem gefið er upp á Gloopla, fór símtalið beint í talhólf. Kona sem talaði bjagaða ensku svaraði í eitt af íslensku númerunum sem DV prófaði. Þegar blaðamaður spurði um Auði var honum sagt að hún gæti ekki svarað í símann þar sem hún lægi á sjúkrahúsi. Samkvæmt upplýsingum á Gloopla var Auður í samstarfi við aðra síðu á Facebook, Vacation in Tenerife – Holiday Homes. Þeirri síðu hefur einnig verið lokað.

Langur sakaferill

Samkvæmt Facebook hélt Auður utan um Facebook-sólusíðuna Fegurð & Skart þar til í apríl í fyrra. Síðan er enn opin en engin virkni hefur verið á henni síðan 28. apríl í fyrra. Nokkrum dögum fyrr, eða þann 23. apríl, auglýsti Fegurð & Skart sölu á ýmsum varningi, bæði fötum og snyrtivörum, þar sem allt átti að seljast. Auður á nokkurn sakaferil á baki. Hún var svipt ökuréttindum ævilangt árið 2017 og dæmd í níu mánaða fangelsi þegar hún var dæmd fyrir að keyra undir áhrifum áfengis og búðarhnupl. Í dómnum kemur fram að þetta var í áttunda sinn sem Auður var fundin sek um að aka undir áhrifum áfengis og í sjöunda sinn sem hún var fundin sek um að aka án ökuréttinda.

DV hefur haft samband við nokkra íbúa á Tenerife sem kannast ekki við Auði og hafa einungis heyrt af meintum svikum hennar í fréttum. Einn íslenskur fyrirtækjaeigandi á Tenerife sagðist telja að Auður hefði ekki tengst Íslendingasamfélaginu á Tenerife, sem er frekar stórt, þar sem fæstir könnuðust við hana. Sagði hann afar brýnt að stöðva svikamyllu hennar ef satt reynist.

„Það þarf að stoppa hana því hún eyðileggur fyrir öllum þeim Íslendingum sem eru að gera góða og heiðalega hluti hér,“ sagði fyrirtækjaeigandinn í samtali við DV. ■

Það þarf að stoppa hana því hún eyðileggur fyrir öllum þeim Íslendingum sem eru að gera góða og heiðarlega hluti hér.

Leigusvik algeng

Leigusvik á Tenerife eru afar algeng og talið er að tíu til fimmtán falskar auglýsingar svikahrappa birtist á hinum ýmsu leigusíðum á hverjum degi. Á vefsíðunni My Tenerife Report er að finna lista yfir vefsíður sem ber að varast og er sá listi uppfærður reglulega. DV hafði samband við Peter Sarkis hjá My Tenerife Report sem kannaðist ekki við starfsemi Auðar. Samkvæmt vefsíðunni Schofields er talið að ferðalangar á Tenerife hafi verið sviknir um 6,7 milljónir punda, rúman milljarð króna, í gegnum leigusvik árið 2018.

Svikarar nota flestir svipaðar aðferðir. Auglýsa húsnæði sem er ekki til staðar, hakka sig inn í aðrar sölusíður og ná þannig sambandi við væntanlega leigjendur og biðja um millifærslur gegn riflegum afslætti. Þetta ber að varast þegar húsnæði er leigt á Tenerife:

- Aldrei greiða með millifærslu, hvorki hluta né alla upphæðina. Ávallt nota kredit- eða debetkort til að tryggja að hægt sé að bakfæra færsluna ef upp kemst um svik.
- Spyrjast fyrir og leitid að ummælum um eignina sem þið hafið áhuga á.
- Biðjið um leigusamning – það verndar bæði leigusala og leigjanda.
- Talið við leigusalann í síma. Ef leigusali er ekki með skráð símanúmer á síðunni sinni er það áhyggjuefni.
- Ef þið finnið íbúð í gegnum viðurkennda bókunarsíðu, eins og Airbnb, Booking eða Hotels, og aðili hefur samband við þig og biður um að hafa samskipti utan síðunnar og að greiðslan fari ekki í gegnum viðurkennda bókunarsíðuna þá er líklegast um svik að ræða.

Yfir 4500
vörur

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

RISA

SUMARÚTSALAN ER HAFIN

SÚ STÆRSTA TIL ÞESSA

20-75% afsláttur!

**KAFFIVÉLAR,
ELDHÚSÁHÖLD,
POTTAR OG PÖNNUR,
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,
BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR,
BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR-
OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR,
HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT,
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,
BAÐVOGIR OG MARGT
FLEIRA!**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Likaðu við okkur
á Facebook:
[www.facebook.com/
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)

„Þú ert bara ljót og svört“

Tvítyngd ungmenni upplifa staðalímyndir, rasisma og kynþáttauppnefni í íslenskum grunnskólum

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Upplifun barna af tveimur kynþáttum er oftast góð í íslenskum grunnskólum en hins vegar er margt sem má bæta í íslensku skólakerfi, og sömuleiðis samfélaginu. Grunnskólanemendur sem tilheyra tveimur kynþáttum upplifa staðalímyndir, rasisma og kynþáttauppnefni í skólanum en hjá kennurum finna þeir þó frekar til mismunar vegna tungumáls frekar en vegna útlits. Þá upplifa þeir að kennurum finnist óþægilegt eða hunsu aðstæður þegar þeir heyra eitthvað er varðar kynþáttauppnefni. Þau telja þörf á frekari fræðslu í skólanum fyrir kennara og nemendur.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum lokaverkefnis Amelíu Christine Scholl til M.Ed.-prófs í kennslufræði við Háskóla Íslands. Í tengslum við verkefnið rannsakaði hún upplifun barna sem tilheyra tveimur kynþáttum í íslenskum grunnskólum.



Ég hata alla svertingja nema þig

„Þú ert bara ljót og svört“

„Þú ert bara ljót og svört“ eru orð sem ég hef oft heyrt í huga mínum frá því ég heyrði samnemanda minn segja þau þegar ég var í 2. bekk. Hann var ekki að beina þessum orðum að mér, heldur vinkonu minni sem var af tveimur kynþáttum. Hún hafði tekið litinn sem hann vildi nota til að lita mynd af ís. Þetta virtist vera saklaus árekstur á milli 7 ára barna, en ég hef oft hugsað til þessarar stelpu í gegnum árin og íhugað hvernig hún hafi upplifað sína skólalíf eftir að leiðir skildu þegar við vorum 8 ára gamlar,“ segir Amelía Christine. Í samtali við DV segir hún fáar rannsóknir hafi verið gerðar hér á landi sem

snúa að upplifun tvítyngdra barna af grunnskólakerfinu.

„Ég hef haft mikla skoðun á jafnréttismálum frá því ég man eftir mér, þá sérstaklega þegar kemur að rasisma. Ég varð móðursystir í fyrsta skipti þriggja ára gömul og var litli frændi minn af tveimur kynþáttum. Ég man hvað ég gat orðið reið og leið þegar hann lenti í einhverjum átökum sökum útlits í Áslandi. Nú á ég sex systrabörn af tveimur kynþáttum sem hafa öll sagt mér einhverjar sögur úr grunnskólum á Íslandi og fannst mér því tilvalið að rannsaka þetta.“

Hún segir upplifun viðmælenda af kennurunum hafa komið hvað mest á óvart. „Þá að kennarar ættu það til að „hunsa“ ef þeir

heyrðu kynþáttauppnefni í skólanum. En það sem var líka áhugavert við þetta var að viðmælendur töldu að þetta væri vegna þess að kennarar vissu kannski bara ekki hvernig ætti að taka á þessu á réttan hátt og forðudust það þá, frekar heldur en að gera eitthvað rangt.“

„Góð, hvít stelpa“

Í tengslum við rannsóknina ræddi Amelía við fjögur tvítyngd ungmenni, tvö börn í 7. bekk, eitt barn í 9. bekk og eitt barn í 10. bekk.

Ungmennin telja sig finna fyrir staðalímyndum að einhverju leyti í íslenskum grunnskólum og upplifa meðal annars öll að „allir haldi að maður sé frá Afríku“.

Þá nefnir annar piltur að staðalí-

myndir lýsi sér meðal annars í því að „svörtum mönnum er alltaf lýst sem geðveikt grimmum köllum“. Annar piltur nefnir atvik þar sem skólafélagi taldi fullvíst að hann væri góður í körfubolta, og dró þá ályktun vegna húðlitarins.

Stúlka í hópnum segir frá því þegar stúlka í bekknum hennar sagði: „Ég hata alla svertingja nema þig“ en þá hafði stúlkan „þekkt til leiðinlegrar stelpu sem var svört í bæjarfélaginu þar sem hún bjó áður“.

„Þannig að hún var búin að dæma allt svart fólk. Það var einhver sem var leiðinleg við hana og þá voru bara allir svertingjar leiðinlegir.“

Þá segjast einhverjir í hópnum hafa lent í því að vera uppnefndir í skólanum og af jafnöldrum. Einn þeirra segist til að mynda hafa verið kallaður „negri með negrafléttur“.

Annar nefnir sem dæmi að hann hafi fengið snapchat frá drengjum víða af landinu þar sem hann var kallaður negri og sagt við hann „shut the fuck up you African bitch“. Þá segist hann einnig hafa verið kallaður „negrapési“.

Kallaður negri

Ungmennin eru ekki sammála um hvort kennarar hunsu að ræða málefni sem varða kynþátt eða n-orðið. Telja þau að kennurum finnist óþægilegt að ræða slíka hluti og kjósi frekar að hunsa það vegna þess að þeir telja að þetta sé ekki í íslenskri menningu.

Einn úr hópnum rifjar upp þegar tvær stúlkur í bekknum kölluðu hann „negra“ í tíma og kennarinn brást ekki við. Þegar pilturinn sjálfur kallaði stúlkurnar „hóru“ og „svín“ var hins vegar þrýst á hann að biðja þær afsökunar.

Þá segir annar úr hópnum:

„Við megum ekki blóta í tíma. Það er alveg „hey ekki nota svona orðbragð“, - en það má segja og kalla mig negra í tíma, sem mér finnst mjög spes. Orðið þú veist, er þrefalt sinnum ljótara heldur en orð sem krakkar nota venjulega“

Fram kemur að ungmennin telji mikilvægt að kynþættir og

saga svartra séu til umræðu í íslenskum grunnskólum, en það geti þó vakið upp óþægilega líðan hjá þeim nemendum sem hafa tengsl við umræðuefnið. Einn úr hópnum rifjar upp þegar hann var í 4. bekk og í skólum var haldin svokölluð Afríkuhátíð. Kennarinn sagði við krakkanna að Afríka væri fátækasta heimsálfan.

„Það var það fyrsta sem hann sagði. Og ég man að ég var eini svarti krakkinn þarna. Og það horfðu allir á mig.“

Þá telja ungmennin að kennarar eigi að þekkja betur til, eða fá fræðslu um, sögu kynþátta og hvernig eigi að takast á við rasisma. Einnig upplifa þau að kennurum finnist óþægilegt að ræða slíka hluti.

„Það er ekki frætt um þetta nóg,“ segir ein úr hópnum og bætir við að hún telji ástæðuna vera að viðfangsefnið er ekki tengt Íslandi og íslenskri menningu.

Annar úr hópnum nefnir sem dæmi að þegar hann var í sjöunda bekk í skólanum hafi bekkurinn fengið fræðslu um transbörn. Þau hafa hins vegar aldrei fengið neina kennslu um mismunandi kynþætti. Hann bendir á að hlutfallslega sé meira af svörtu fólki í heiminum en transfólki.

„Ég veit ekki af hverju kennarana langar ekki til að tala um það,“ segir hann og bætir við að í hvert sinn sem þetta viðfangsefni komi upp þá breyti kennararnir um umræðuefni.

Ungmennin nefna sömuleiðis að lítið sé um þetta viðfangsefni í kennslubókunum, eins og í samfélagsfræði. Einn úr hópnum bendir á að svart fólk sé yfirleitt teiknað „geðveikt skringilega, kolsvart með eldrauðar stórar varir“.

Þá kemur einnig fram að frekari fræðsla í grunnskólum muni aðstoða samnemendur.

Í samtali við DV segir Amelía niðurstöðurnar varpa ljósi á mikilvægi fræðslu um þetta viðfangsefni. „Með þessari umræðu getum við reynt að finna möguleg úrræði til þess að öllum líði sem best í skólanum.“

DV

auglýsir eftir blaðamanni í fullt starf

Ef þú hefur það sem til þarf; hugmyndaauðgi, gott vald á íslensku, innsýn í samfélagsmál og dugnað, skalt þú endilega sækja um.

Umsóknir berist á netfangið atvinna@dv.is.

Brot af því besta

5. júlí 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is





Fela reglulega trúlofunarhringa á botni kampavínsglasa

Ímyndaðu þér rómantíska helgi með makanum í faðmi náttúrunnar með ótal fossa, fjöllum og firnindi í nágrenninu, ótakmarkað magn af afþreyingu og notalegt andrúmsloft. Hótel Laxá við Mývatn er fullkomin staðsetning til dæmis fyrir þör sem vilja upplifa ævintýri saman eða slaka á. „Náttúran býður upp á ótal dagsferðir og styttri túra. Við starfsfólkið á hótelinu erum tilbúin að veita upplýsingar um það sem hægt er að skoða í nágrenninu sem og ferðabjónustufyrirtæki sem bjóða upp á ferðir. Íslendingar eru yfirleitt steinhissa á hvað við stingum upp á mörgu að skoða sem þeir vissu ekki um,” segir Edda Hrund Guðmundsdóttir, hóteltjóri Hótel Laxár.

Hin fullkomna rómantíska helgi fyrir þör á öllum aldri

„Fyrir þá sem vilja slaka aðeins á en langar að skoða sig um, mæli ég með hjólaferðum ef vel viðrar. Svo er tilvalið að kíkja í Fuglasafnið og líta síðan við í Dimmuborgum. Fyrir þá sem vilja aðeins meira „aksjón“ er gaman að skella sér í snjósleða- eða hundasleðaferð á veturna. Annars mæli ég eindregið með dagsferð í Öskju og kíkja svo í Lofthelli sem er engum líkur. Fólki þarf að sjálfsögðu

að næra sig og veitingastaðurinn okkar, Eldey, er margrómaður fyrir frábæran mat og meistaralegt handbragð. Jarðböðin eru opin til miðnættis og eru fullkominn endir á góðum degi. Ég mæli alltaf með því að fara á kvöldin þegar mesta umferðin er farin í gegn. Þá er gott að slaka á með smá rautt eða hvítt í glasi.“

Það er ekki óvanalegt að starfsfólkið á Hótel Laxá fái beiðnir um að hjálpa til við bónonð og slíkt. „Það lifgar alltaf upp á daginn hjá okkur þegar rómantískir makar biðja okkur um aðstoð við að biðja unnustunnar eða unnustans. Við höfum verið fengin til þess að skreyta herbergi eða fela hringa í kampavínsglösum og eftirréttum.“

Falin náttúruperla

„Uppáhaldsstaðurinn minn í nágrenninu er án efa Aldeyjarfoss. Það eru alls ekki allir sem hafa heyrt um þennan undurfagra foss sem er umkringdur formföggu stuðlabergi. Hvítur og djúpbjár litur jökulfljótsins myndar ótrúlega andstæðu við dökkt bergið. Svo er alltaf gaman að skella sér í útsýnisflug með Mýflugi. Þá upplifir maður landslagið á alveg glænýjan máta.“

Nýjörðin fimm ára

Hótel Laxá er með 80 herbergi og geta þar gisti um 160 manns. „Hótelinu er gullfallegt og stílhreint og tilvalið fyrir myndatökur. Hér hefur verið nær sami kjarni starfsfólks í fjögur ár, en hótelinu var opnað 2014. Hér er frábær andi og gott að vera. Fólki kemur hingað í ýmsum erindagjörðum, hvort sem um er að ræða fjölskyldur, þör í brúðkaupsafmælisferð, einstaklinga eða ferðamenn. Við bjóðum upp á fjölbreytta flóru herbergja; hjóna-herbergi, twin-herbergi, einstaklings- eða fjölskylduherbergi. Hér eru haldnar ráðstefnur, fundir, árshátíðir, stórafmælisveislur og brúðkaup. Svo hafa komið hingað kvikmyndatökulið, en hótelinu er byggt upp í fimm göngum þannig að það er mikið næði. Á veturna geta stórir hópar einnig pantað hótelinu út af fyrir sig. Þegar líða tekur á haustið bjóðum við fólki að fá símhringingu upp á herbergi þegar norðurljósin láta sjá sig. Þá er nóg að koma bara út á plan og sjá þau dansa á himninum, því hér er engin ljósmengun.“

Seiðkarl í eldhúsinu

Veitingastaðurinn á Hótelinu, Eldey, er sérlega vinsæll hjá gestum og heimamönnum og býður upp á ljúffengan mat undir íslenskum og

erlendum áhrifum. „Kokkurinn, Birkir Einarsson, leggur mikla áherslu á að elda úr úrvals íslensku hráefni frá bændum í Mývatnssveit og nágrenni þess. Þetta er gert til þess minnka flutning og tryggja ferskleika. Silungurinn kemur til dæmis frá Húsavík og kjötið af skepnum sem aldar hafa verið við kjöræðstæður á Norðurlandi Eystra. Allt grænmeti og ávextir kemur svo frá bæjunum Hveravöllum, sem rækta í jarðvarma-gróðurhúsum, og Vallarnesi, sem ræktar einungis lifrænar afurðir. Birkir hefur unun af því að leika sér með hráefnin og er mikið í því að reykja, grafa, setja í salt og súrsa. Hann er alger galdramaður í eldhúsinu. Morgunmaturinn er svo alltaf vinsæll hjá ungum sem öldnum enda gott úrval af gimilegum og seðjandi morgunverði.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni hotellaxa.is

Olnbogaás, 660 Mývatn

Sími: 464-1900



„Vissi ekki hvað Íslendingar væru duglegir að skemmta sér“

Instamyndir varð upphaflega til árið 2014 þegar við settum upp lítinn ljósmyndakassa í brúðkaupi hjá mági mínum. Þar voru nokkrir sem heilluðust af þessu og pöntuðu kassann í afmæli og aðrar veislur. Svo fór þetta bara að spyrjast út. Saga Film hafði samband við okkur og bað okkur að koma í samstarf og í dag er þetta orðið frekar stórt hjá okkur. Við erum með 10 myndakassa sem hægt er að leigja og eitt stærsta úrval af bakgrunnum á landinu. Einnig erum við með grænskjá ef fólk vill hanna sinn eigin bakgrunn,” segir Elías Birkir Bjarnason, einn stofnenda Instamynda.

Með green screen er hægt að hafa hvaða bakgrunn sem er.

Fólk er duglegt að lyfta sér upp Myndakassarnir frá Instamyndum eru stórsniðugir í hvers kyns veislur og mannaföt og sérlega vinsælt að panta þá í slíkt húllumhæ. „Ég vissi ekki hvað Íslendingar væru duglegir að skemmta sér fyrr en ég byrjaði í þessu, en í sumar erum við að leigja

út marga kassa hverja einustu helgi. Það hefur verið ótrúlega gaman að upplifa þetta tímabil og sjá hvað fólk er duglegt að lyfta sér upp.“

Hentar í allar gerðir veislna

„Við eigum mikið magn af alls konar skemmtilegum leikmunum fyrir ýmiss konar veislur. Þá eigum við t.d. vikingabúningasafn. Kassarnir eru einnig ólíkir í útliti og henta næstum hvaða þema sem er, ef um er að ræða þemaveislur. Svo er mismunandi hvort kassarnir séu með snertiskjá eða bara takka til þess að taka myndir. Í því felst verðmunurinn. Við komum svo á staðinn og setjum upp flesta myndakassana. Einnig erum við með tvo kassa eða bauga sem nefnast Baugur og Rosabaugur. Þessir eru hentugir ef á að fara út á land eða halda veislu í heima-

húsi. Þá er auðvelt að setja þá upp sjálfur og við þurfum ekki að koma á staðinn.“ Elías segir myndakassana yfirleitt ekki koma í staðinn fyrir ljósmyndara. „Fólk er mikið að panta myndakassa og ljósmyndara í stórar

veislur. Myndakassinn nær öðruvísi myndum en ljósmyndarinn og það er svo gaman að fá alla flóruna. Við bjóðum svo upp á að prenta út myndirnar fyrir þá sem vilja.

Vikan fékk okkur í skemmtilegt party

Myndakassarnir eru ekki bara sniðugir fyrir veislur heldur líka í annars konar viðburði. „Um daginn var fenginn kassi frá okkur í grunnskóla og þar tóku nemendur af sér myndir fyrir árbókina.“

Nánari upplýsingar má nálgast á instamyndir.is

Við erum líka á Facebook: Instamyndir og Instagram: Insttamyndir
instamyndir@instamyndir.is
Sími: 698-5606





Stóllinn Skata

Stóllinn Skata er fyrsti formbeygði stóllinn framleiddur á Íslandi og í raun elsti stóll sem framleiddur var hér á landi. Hönnuður Skötunnar er Halldór Hjálmarsson, húsgagna- og innanhússarkitekt (1927–2010), sem m.a. hannaði kaffihúsið Mokka. Hann hafði nýlokið námi sínu í Kaupmannahöfn og hrifist mjög af Maurnum eftir Arne Jacobsen, og vildi þróa sambærilegan íslenskan stól úr formbeygðum krossvið, sem þá var tiltölulega ný aðferð og algerlega óþekkt hér á landi.

Skötustóllinn náði fljótt töluverðri útbreyðslu, enda alhlíða stóll, sem bæði hentaði á stofnanir og heimili. Stuttu seinna bættist stóllinn Þórshamar við, einnig úr formbeygðum krossvið, en með stærra baki. Framleiðslan lagðist síðan af 1973, en hófst að nýju 2008, og eru báðir stólar nú fánlegir í ýmsum úfærslum og litum.


Þó dönsku árhreifin séu mjög sterk, og ekki síst frá stólum Arne Jacobsen,

þá stendur Skötustóllinn sterkum fótum sem sjálfstæð íslensk hönnun, þar sem blandað er saman nýstárlegum tæknilausnum og ljóðrænum tilvísunum til náttúrunnar.

Festingarnar voru algjör nýjung og minntu auk þess á egg skötufisksins. Sama má segja um hið skötulagaða bak, sem fyrst og fremst var hugsað til þess að ná fram sveigjanleika og hámarksstyrk, án þess þó að þyngja stóllinn, en fyrstu stólar Arne Jacobsen áttu það til að brotna um hálsinn, þó síðar hafi verið bætt úr því með nýrri tækni.

Skötustóllinn fagnar 60 ára afmæli á þessu ári og framleidd verða tölusett eintök af völdum útgáfum. Bæði þeim nýjustu og einnig í sigildri glærri eik, en slíkir stólar prýddu m.a. lögreglustöðina í nýjustu Ófærðarþáttunum.

Nánari upplýsingar fást á www.skata.is eða info@skata.is





STÚDÍÓ ANDRI:

„Steinhættur að vera hissa á skrítnu lagavali“

Hljóðverið Stúdíó Andri hefur nú verið staðsett á Eiðistorgi í sjö ár og aldrei verið jafnmikið að gera hjá honum Andra Frey Magnússyni. Andri er menntaður hljóðtæknir og með mikla reynslu í þessu þar sem hann hefur verið mikið í tónlist í gegnum árin. „Ég var fyrst með lítið hljóðver í kjallara á Akureyri. Svo flutti ég suður 2011 til að fara í hljóðvinnslunám hjá Tækniskólanum og Stúdíó Sýrlandi. Eftir að ég opnaði Stúdíó Andra á Eiðistorgi þróaðist þetta óvart úti að taka á móti gæsa- og steggjahópum. Það hefur verið mikil aukning í þessu síðustu fjögur árin, nema árið 2016, þegar Ísland keppti á Evrópumeistaramótinu í Frakklandi. Þá fóru allir bara í fótbolta,“ segir Andri.

Gæsatímabilið er hafið

„Á sumrin eru gæsa- og steggjahópar hjá mér næstum því um hverja einustu helgi. Þetta byrjar hægt í mars/apríl, nær hápunkt í júní og svo minnkar þetta hægt og rólega út júlí og ágúst. Ég sló met um daginn þegar það komu fimm hópar til mín á einum laugardegi. Það voru fjórir gæsa- og steggjahópar og einn starfsmannahópur í sumargleði. Ég

var að leggja saman fjölda hópa sem hafa rúllað í gegn hjá mér um daginn og sýnist að fjöldinn sé kominn eitthvað vel á annað hundrað gæsa- og steggjahópar. Gaman að segja frá því að ég á orðið nokkra fastakúnnahópa sem koma aftur og aftur. Á haustin taka svo fyrirtækjahóparnir við. Þá er verið að taka upp ýmis lög með frumsömdum textum þar sem menn gera grin og gaman að samstarfsfélögum og svo er þetta spilað á árshátíðum og jólaskeiptum. Þetta vekur alltaf mikla lukku.“

Falskir steggir og laglausar gæsir

„Í gæsa- eða steggjahópum byrja ég á því að láta stegginn/gæsina syngja. Svo hendum við í kórtökum þar sem allir syngja með. Stundum kemur fyrir að forsöngvarinn er ekki alveg sterkasti söngvari í heimi, en það getur verið skemmtilegra fyrir alla hina sem eru með í hópnum. Ég segi stundum við gæsina/stegginn: „Við erum ekki að gera þetta svo að þú skemmtir þér, þetta er til að skemmta öllum hinum.“ Steggjanir og gæsanir snúasta jú mikið um að ýta einstaklingi út úr norminu og láta hann prufa eitthvað alveg nýtt og öðruvísi. Í þessum upptökum getum við

ekki farið fram á að ná fullkomnum söng heldur meira að ýta fólki út fyrir þægindarammann og búa til eitthvað skemmtilegt.

Ég legg mig mikið fram við að ná sem mestu út úr gæsinni/steggnum, til að ná sem bestum flutning, autotune er ekki að fara að bjarga neinum þó svo að það sé hægt að gera margt eftirá, þá er langbest að ná þessu strax fram með bestu upptökunni. En svo er ótrúlegt hvað góður kór getur ýtt undir veikan söng. Ég á yfirleitt lágmark þrjár upptökur af öllum aðalsöng og tvær af kórnum, svo hljóðblanda ég þetta þannig að ég raða saman bestu tókunum í lokaútkomuna. Hóparnir eru einnig teknir uppá myndband í söngklefa sem og í upptökuherbergi og svo tek ég alltaf hópmynd áður en hópurinn fer. Þetta tekur yfirleitt í kringum 45 mín-1 klst og fólk fær myndir, myndbönd og lagið frá mér í gegnum netið samdægurs. Hóparnir hafa þá frjálshar hendur með að klippa myndefnið saman til að sýna í brúðkaupsveislunni.“

Páll Óskar vinsælastur

Andri segist alveg hættur að verða hissa á skrítnu lagavali. „Hóparnir

sem eru að koma til mín eiga oft eitthvað lag sem fólk djammaði við í gamla daga, eða það er eitthvað lag sem gæsin eða steggurinn tengir sérstaklega við. Þetta geta verið allskonar lög, hvort sem um er að ræða popp, rokk, djass, eða jafnvel eitthvað stórskrítið lag af Youtube. Páll Óskar á samt flytjendaverðlaunin inni hjá mér, enda hafa allir hans slagarar fegnið nýtt líf og texta hjá mér.“

Hljóðverstimar eru nokkurn veginn jafnvinsælir hjá gæsum og steggjum, þó svo gæsirnar séu yfirleitt mun skipulagðari, að sögn Andra. „Þær eru oft búnar að bóka marga mánuði fram í tímann og koma í langflestum tilfellum með frumsaminn texta. Steggirnir eru hins vegar meira í því að hringja með viku- eða dagsfyrirvara. Þetta er langvinsælast um helgar en það kemur alveg fyrir að við séum að vinna á virkum dögum og kvöldin.

Fyrir allar nánari upplýsingar þá er bara að hafa samband við mig í gegnum Facebook eða email andrihljod@gmail.com. Við finnum tíma sem hentar.“



Tók sína fyrstu ljósmynd 5 ára – Síðan þá var ekki aftur snúið

Það má segja að Helena Stefánsdóttir hafi fæðst með framköllunarvökva í æðum sér, enda þegar hún hélt á ljósmyndavél í fyrsta sinn voru örlög hennar ráðin. Hún skyldi leggja ljósmyndunina fyrir sig.

„Ég var fimm ára stelpa á Fáskrúðsfirði þegar ég tók mína fyrstu ljósmynd. Mamma mín var að mynda mig með kassamyndavél og spurði hvort ég vildi ekki taka af henni eina ljósmynd. Þegar ég leit ofan í glerið og horfði að það sem var fyrir framan mig, vissi ég að þetta væri eitthvað sem ég vildi gera. Ég hreifst gjörsamlega af þessum galdri. Þegar ég var unglingur fór ég að mynda síldarsöltun á Fáskrúðsfirði, það var mikið fjör og fólkið saltaði á síldarplönunum. Ég sendi filmurúllur á Vísi (seinna Dagblaðið Vísi) ásamt fréttatilkynningum um afla og fleira. Einnig fylgdist ég með nokkrum hljómsveitum fyrir austan, ljósmyndaði þær, skrifaði greinar og sendi á Vísi. Þetta var allt birt mér til mikillar gleði. Þeir urðu svo steinhissa á blaðinu þegar þeir fréttu að það

væri einhver krakki að senda til þeirra fullskrifadar greinar og ljósmyndir. Um tvítugt fór ég svo að starfa sjálf hjá Morgunblaðinu sem tengiliður við fréttaritara á landinu og vann við filmuframköllun“ segir Helena.

Þessi byrjun var Helenu mikilvægur grunnur þegar hún fór að læra við ljósmyndaskólann í Gautaborg í Svíþjóð. „Ég hef alltaf sagt sögur með myndunum mínum og til þess að það sé hægt þá verð ég að kynna mér viðfangsefnið. Mér er sem betur fer eðlislægt að smitast af áhuga fólks. Mér hefði t.d. aldrei grunað að ég ætti eftir á fá áhuga á flugvélum, en raunin er sú að ég hef verið að ljósmynda DC3 flugvélar á Reykjavíkflugvelli og sankað að mér miklum fróðleik um þessar vélar. Í starfi ljósmyndarans hittir maður fjölda fólks og fræðist um ýmislegt og maður verður að vera tilbúinn að meðtaka.“

Fólkið á myndunum er aðalatriðið

„Meðnemandi minn í Gautaborg, sem kennir nú við skólann, sagði það einkenna verkin mín að fólkinu liði svo vel á myndunum. Ég vil ná góðu

sambandi við þá sem ég er að mynda og ná fram því besta hjá viðkomandi svo að hann eða hún sé sem eðlilegastur. Uppstilltar myndir geta verið svo stíðar. Mér finnst betra finna út hvað fólk er að leitast eftir og reyna svo að fanga það með ljósmyndunum. Í brúðkaupsmyndatökum mæti ég oft á æfingar og punkta niður hvað er að gerast í athöfninni. Þegar kemur svo að deginum þá veit ég hvar ég get verið og tekið góðar myndir en verið sem ósýnilegust. Ljósmyndarinn á aldrei að draga að sér athygli frá brúðhjónunum.“

Helena aðhyllist hreinan og einfaldan stíl. „Ég passa mig á að fólkið er aðalatriðið, ekki umhverfið eða skrautið. Þá hef ég farið mjög varlega í effecta, og nota þá ekki nema þeir eigi óneitanlega við. Ljósmyndun er listgrein og ég hef alltaf litið á hana þannig. Ég er líka að þessu því ég hef gaman að ljósmyndun.“


Þegar ég rifja upp þá man ég eftir sérstöku sveitabrúðkaupi sem ég myndaði í Gautaborg. Þetta var ekta grískt brúðkaup og eins og í bíómynd þegar mynda átti stórfjöl-

skylduna á kirkjutröppunum. Það gekk erfiðlega að koma sér saman um hver gæti eða ekki gæti staðið við hliðina á hverjum, vegna fyrrveandi sambanda. En allt blessaðist þetta og endaði veislan að sjálfsögðu með alsherjar Zorba dansi.“

„Fyrir stuttu fór ég í ævintýra-brúðkaup til Víetnam þegar sonur minn giftist ástinni sinni. Það voru um 250 gestir og umhverfið var ótrúlegt. Þau voru gefin saman á ströndinni og svo var dansað í kringum varðeld um kvöldið. Ég þurfti að klípa mig margofter á dag til þess að sannfæra mig um að þetta væri raunverulegt. Ég náði af þeim ógleymanlegum ljósmyndum og er alveg til í að taka að mér fleiri verkefni í svipuðum dúr.“

Seinnipart dags var svo vestræn athöfn við hafið og veisla á sundlaugarbakkanum.

Nánari upplýsingar á helenastefansdottir.com Fylgstu með á Facebook Ármúla 19, Reykjavík Sími: 866-3314





Fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Elís og Sigurður, þar ásamt föður sínum.

Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu. „Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,“ segir Rúnar sem hefur yfir 35 ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu gegn greiðslu en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni,“ segir hann.

Formaður Félags íslenskra útfararstjóra
Ásamt daglegum störfum við

hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir áratug og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðaltilgangur félagsins er skapa vettvang til að halda utan um siðareglur útfararstjóra. „Starf mitt sem formaður felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. Ég sækir einnig fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samskiptum. Siðareglur evrópskra útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku siðareglanna,“ segir Rúnar. Ekki er lagaleg skylda að útfararstjóra séu í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað siðareglur félagsins.

Virðingin og alúð

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugördunum og síðan í eigin fyrirtæki. Aðspurður segist hann hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og

það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.

Þegar andlát ber að garði er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst,“ segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í lík-hús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest eða athafnarstjóra og síðan að tímasetja allar athafnir og bóka grafartöku eða bálför. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við sjáum um allt er lýtur að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við aðstandendur, tónlistarfólk, kirkjur, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útför.“

Íslensk hönnun og handverk
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar leggur mikið upp úr

því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast ströngustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hinar hefðbundnu hvítu kistur en alltaf er eitthvað um að fólk vilji harðviðar kistur, til dæmis eik eða mahóni. Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eigum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur, sem eru algengastar, en einnig töluvert úrval af viðarkistum.“ Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. „Við höfum hannað sérstaka kistu og duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu úr alíslenskum við til brennslu og jarðsetningar,“ útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr við sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðarskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum við og ólökkuð eða máluð á náttúrulegan máta.“

Nánari upplýsingar er að finna á utfarir.is eða í síma 567-9110 allan sólarhringinn, alla daga ársins.



ÓÞEKKTARANGAR Í AXARKASTI

Fullkomin blanda af keppnis- og fíflaskap

Helga Kolbrún Magnúsdóttir og Elvar Ólafsson, mágur hennar, stofnuðu Berserki Axarkast í maí 2018. Helga kynntist íþróttinni fyrst þegar hún var í Nýja Sjálandi og Elvar í Kanada. „Við féllum bæði fyrir íþróttinni og fannst axarkast smellpassa í affpreyingarflórana á Íslandi, ekki síst vegna tengingar við víkingana. Þetta er alveg fullkomin blanda af keppnis- og fíflaskap og svo er þetta frábær leið til þess að fá útrás. Það sem gerir þetta svo enn skemmtilegra er að manni finnst eins og maður sé að gera eitthvað sem maður má ekki, eins og maður sé þínu óþekkur. Því er engin furða að axarkast sé vinsælt hjá steggja- og gæsaþópum,“ segir Helga.

Tæknin skiptir máli

Það geta allir kastað exi, sérstaklega ef fólk getur lyft exinni hátt yfir höfuð. Ákveðin tækni er á bak við gott kast og það geta allir lært hana. „Við höfum fengið fólk á nær öllum aldri til okkar, unglinga og eldri borgara, og í lok hvers tíma eru langflestir farnir að kasta exinni svo hún festist

í skotmarkinu. Þetta er ekki spurning um að kasta fast, heldur þarf að miða við stöðu, hvernig haldið er á exinni og hvar maður stendur. Þetta þarf allt að passa svo að axarblaðið lenti í skotmarkinu en ekki skaftið. Eftir kennslu og léttu keppni prófum við ýmis skemmtileg brelluskot. Þá köstum við þeim t.d. öfugt eða tveimur í einu, en þá þarf eiginlega að gefa frá sér djúpt kraftakarlahljóð,“ segir Helga og hlær.

Taktu þátt í Íslandsmeistaramótinu í axarkasti

Axirnar sem Berserkir nota eru staðlaðar keppnisaxir í samsvarandi lengd og þyngd og löglegar keppnisaxir hjá NATF (National Axe Throwing Federation). Þær koma í tveimur stærðum, þ.e. hefðbundin keppnisexi og önnur stærri sem er notuð í bráðabana. Axarkast er vinsæl íþrótt sem er stunduð út um allan heim. Haldin eru ýmiskonar mót í keppnisgreininni og meðal annars heimsmeistaramót. „Ákveðinn kjarni hér heima æfir reglulega og mætti á Berserkjamótin sem við höldum í

febrúar og maí. Við höldum Íslandsmeistaramót í haust og stefnum á að stækka íþróttina og stofna íþróttafélag utan ÍSÍ til að senda lið á keppnismót erlendis. Öllum er frjálst að mæta á Íslandsmeistaramótið, líka byrjendum. Við förum þá í gegnum tæknina áður en fólk kastar á mótinu.“

Axir og áfengi er ekki góður kokteill

Á sumrin eru gæsa- og steggjahópar helsti kunnahópurinn. Á haustin og veturna koma fyrirtækin svo með starfsmenn í samhringinga. „Við mælumst alltaf til þess ef um er að ræða ferðir þar sem áfengi verður haft um hönd, að fólk byrji hjá okkur áður en fyrsti björinn er tekinn upp. Axir og áfengi fara ekki saman, hvað sem segir í Íslendingasögunum. Aldurstakmarkið er tæknilega séð 16 ára, en ef um er að ræða börn á aldrinum 12–16 í fylgd fjölskyldu fá þau auðvitað að vera með. Yngstu börnin geta fengið plast- og gúmmi-axir til þess að leika sér að. Aldurstakmarkið er mest til þess að koma í veg fyrir að fylgdarlaus ungmenni séu að mæta hingað. Við tökum á móti

allt að 24 manns sem við skiptum niður á brautirnar okkar tvær. Þetta er vinsælt hjá fjölskylduhópum en hingað koma líka pör á rómantísku stefnumóti. Enn sem komið er hafa gæsaþóparnir ekki verið jafnmargir og steggjahóparnir, og ég hvet gæsinar að koma hingað. Þær þurfa alveg jafnmikla útrás og karlarnir. Þetta er fyrir alla!“

Axarkast í guðsgrænni náttúrunni
Axarkastið er til húsa í Hjallahrauni 9 í Hafnarfirði en axarkast má stunda nánast hvar sem er á bersvæði. „Við erum með utanhússkotmörk sem við getum sett upp allstaðar þar sem er ekki þéttbýli, en við þurfum þó að sjálfsögðu leyfi frá landeiganda.“

Sími: 546-0456

Nánari upplýsingar á berserkir-axarkast.is
Facebook: Berserkir axarkast
Instagram: Berserkir axarkast

„Sædýrasafnið, Sædýrasafnið. Apar, ljón og ísbirnir, Sædýrasafnið“

Sædýrasafnið í Hafnarfirði naut mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratug seinustu aldar og um tíma var aðsóknin með hreinum ólíkindum.

Jón Kr. Gunnarsson skiptjóri og ritstjóri stofnaði Sædýrasafnið árið 1969 ásamt félögum í Hjalparsveit skáta í Hafnarfirði en hann var jafnframt forstöðumaður safnsins allt til lokadags. Var starfsemi safnsins meðal annars fjármögnuð með tekjum sem fengust fyrir að fanga háhyrninga fyrir sædýrasöfn víða um heim. Þessi aðferð við tekjuöflun vöktu harða gagnrýni hvalaverndunarsamtaka og var síðar meir lögð af.

Safnið var staðsett neðarlega í Holtinu í Hafnarfirði gegnt álverinu. Gestir gátu þar með-

al annars virt fyrir sér seli, hvali, ísbirni, háhyrninga, kengúrur, ljón og apa, auk íslenskra húsdýra.

„Sædýrasafnið, Sædýrasafnið. Apar, ljón og ísbirnir, Sædýrasafnið.“ Þessi auglýsing heyrðist í útvörpum landsmanna á áttunda áratugnum.

Í byrjun níunda áratugarins fór að bera á miklum rekstrarerfiðleikum hjá safninu sem meðal annars mátti rekja til þess að ráðist var í dýrar endurbætur sem síðan borguðu sig ekki, auk þess sem samningar við erlenda dýragarða gengu ekki eftir. Safninu var endanlega lokað árið 1987. Ísland var dýragarðslaust næstu þrjú árin, eða þar til Húsadýragarðurinn í Laugardal opnaði árið 1990.

Hér gefur að líta nokkrar vel valdar myndir úr ýmsum áttum.



GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO ALLT GANGI SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Teiknimyndasagan sem varð hárbeitt tímarit

■ MAD heyrir sögunni til í núverandi mynd ■ Hárbeitt ádeila sem margir sakna

Tímaritið MAD kom fyrst út sem gamansöm teiknimyndasaga árið 1952. Einkennismerki tímaritsins hefur verið hörð ádeila á samtímann, þá sérstaklega stjórnarmál og skemmtanabransann. Í vikunni var það hins vegar tilkynnt að mánaðarlegri útgáfu MAD verður hætt eftir að ágústheftið kemur út. Eftir það verður hægt að næla sér í hefti af MAD uppfull af gömlu efni í nýjum búningi. Þá verða einnig gefin út einhver sérarit í nánustu framtíð.

Þetta markar viss tímamót því MAD og lukkuður tímaritsins, Alfred E. Neuman, á sérstakan stað í hjörtum margra. Ekki síst fyrir þær sakir að hægt var að brjóta upp á baksíðuna til að leiða í ljós

hnyttu skríttlu. Fjölmarginir syrgja ritið á samfélagsmiðlum, þar á meðal skringilegi listamaðurinn Al Yankovic.

„Ég er virkilega leiður að heyra fréttirnar um að MAD sé hætt útgáfu eftir nærri 67 ár. Ég get ekki lýst þeim áhrifum sem tímaritið hafði á mig sem ungan mann – það er eiginlega ástæðan fyrir því að ég varð skrýttinn. Ég kveð eina af merkustu stofnunum Bandaríkjanna,“ skrifar hann á Twitter. Grínistinn Drew Carey tekur í sama streng. „Ég er í rusli. Ein af bestu teiknimyndasögnum sem nokkurn tímann hafa komið út.“

Á þesum tímamótum ákváðum við á DV að rifja upp nokkrar goðsagnakenndar forsíður þessa sögufræga rits.




Við viljum þig



Sáumur frændi var tíður gestur á síðum MAD og notaður sem töl fyrir MAD-liða að gagnrýna herskyldu og stjórnvöld í Bandaríkjunum.

Blóðug leit



Hér er árlegri hefð flugvarnarstofnunar Bandaríkjanna að leita að jólasveininum gerð skil. Hún endar með heimsenda og kjarnorkustyrjöld.

Kosningaráróður



MAD birti oft grín þar sem lukkuður Alfred E. Neuman bauð sig fram sem forseta – raunar í hvert sinn sem forsetakjör fór fram í Bandaríkjunum.

Risastór heimskingi



Það slær þó fátt út þessa forsíðu af sjálfum Donald Trump.

Skrýtnir hlutir



Auðvitað gerði MAD grín að sjónvarpsseríunni Stranger Things.

Poppkóngurinn



Jafnvel poppkóngurinn Michael Jackson fékk sinn skerf af háði vegna ásakana um barnanið.

Hræðileg tónlist og ljótt hár



Meira að segja Justin Bieber fékk að kenna á MAD.



Hillary heitt í hamsi

Þessi forsíða af forsetaframbjóðandanum Hillary Clinton er líka ansi skemmtileg og vísun í kvikmyndina Mad Max: Fury Road.

MAD og Mad – fattiði?

NÝTT Á DV

DV hefur opnað glæsilegan veðurvef þar sem hægt er að kynna sér veðurspá fyrir landið allt.

Klæddu þig eftir veðri
Kíktu á dv.is/vedur

HVAR ER BESTA VEÐRIÐ?

Laugardagur
06. júlí 12:00

 **15°C**
⌚ 3 m/s

AMERICA'S NO.1

"HOT SAUCE" OG SINNEP

Það sem þú þarft á pylsur, hamborgara
eða kjúklingavængi

- ✓ Glútenlaust
- ✓ Hentar vegan og grænmetisætum
- ✓ Engin viðbætt litar- eða rotvarnarefni



FRANK'S
RedHot

French's

„VERSTI ÓVINUR PO

■ Nýstofnaður Málfrélsissjóður hluti af stærri byltingu ■ Stofnendur mótmæla því að r

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Á dögunum stofnuðu þær Anna Lotta Michaelsdóttir, Elísabet Ýr Atladóttir, Helga Þórey Jónsdóttir og Sóley Tómasdóttir málfrélsissjóð með það að markmiði að geta staðið við bakið á þeim konum sem dæmdar verða fyrir ærumeiðingar vegna baráttu sinnar gegn kynbundnu ofbeldi. Tímasetning sjóðsins er ekki handahófskennd og stofnuðu þær hann í kjölfar dóms sem Hildur Lilliendahl Viggósdóttir og Oddný Arnardóttir hlutu vegna ummæla sem þær létu falla um tvo menn í Hlíðamálinu.

Augljóst að verið er að þagga niður í polendum

Blaðakona hafði samband við þær Önnu, Elísabetu og Sóleyju og ræddi við þær um ástæðu sjóðsins, baráttu þeirra í femínískum málefnum, þöggun þolenda og aktivista og hvaða breytingu þær vilja sjá í samfélaginu.

„Mér misbauð og misbýður enn svo hrapallega hvernig þessi dómur fór. Maður hefur bæði fylgst með þessu lengi og alist upp sem kona á þessu landi, vaxað hér og þroskast. Maður hefur alveg séð hversu lítið vægi við erum að fá og ef það er dæmt í of-

beldismálum, sem er aðeins gert í brotabroti af málum, þá er það yfirleitt skilorðsbundið eða fangelsi í einhverja örfáa mánuði og svo að borga einhverja örfáa þúsundkalla. Þetta er svo rosalega stórt dæmi og svo fordæmisgefandi.

Ég túlka þetta þannig að ég megi ekki tjá mig og tek því



Sóley Tómasdóttir / Mynd: DV



sem algörri þöggun. Það gefur augaleið að verið er að þagga niður í polendum og tók ég þessu tvímælalaust þannig af því að hingað til hefur ekki verið svona borðleggjandi fordæmi fyrir því að réttarkerfið ætlaði að refsa einhverjum fyrir það eitt að trúá því sem fram kemur. Og í þessu máli er ekki einu sinni verið að reyna á það að trúá því sem fram kemur þegar einhver sakar einhvern annan um ofbeldi á netinu heldur bókstaflega bannað að hafa það eftir fréttaflytningi um atvik. Hvernig er hægt að túlka

„Svo lengi sem samfélagið telur það í lagi að beita konur ofbeldi, sama hvernig ofbeldið er afsakað eða „útskýrt“, þá eru konur ekki frjálsar

það öðruvísi en þöggun? Hvar má maður þá tala um þetta? Ef það er einungis á bak við lokaðar dyr við sína allra nánustu og yfirvaldið má aldrei heyra þig tala um þetta þá fáum við ekki neinu breytt. Þetta er eina almennilega andsvarið við því sem gerðist,” segir Anna Lotta, aðspurð um ástæðu þess að hún ákvað að taka málefnið að sér.

Kom ekki annað til greina en að taka skýra afstöðu

Elísabet Ýr tekur undir orð Önnu og segir hún að á meðan konur megi ekki tala um það ofbeldi sem þær séu beittar þá sé það eitt mikilvægasta málefnið til þess að tækla.

„Málefni þolenda eru ein stærsta hagsmuna- og réttindabarátta kvenna. Fyrir mér segir það sig sjálft að svo lengi sem konur hafa ekki frelsi til þess að lifa án ofbeldis og fá ekki einu sinni að tala um ofbeldið sem þær eru beittar, þá hlýtur það að vera eitt-hvert mikilvægasta málefnið sem við þurfum að tækla. Svo lengi sem samfélagið telur það í lagi að beita konur ofbeldi, sama hvernig ofbeldið er afsakað eða „útskýrt“, þá eru konur ekki frjálsar. Dómarnir í málum Hildar og Oddnýjar staðfestu enn frekar hvað við erum í raun komin stutt þrátt fyrir allt. Það kom ekki annað til greina en að taka skýra afstöðu og gera eitt-hvað í málunum,” segir Elísabet.

„Eftir að dómarnir féllu gegn Hildi og Oddnýju þá spratt þessi hugmynd einu sinni sem oftar upp. Auðvitað eru konur og jaðarsett fólk orðið langþreytt á því að vera þaggað niður og að tilraunir fólks til þess að beita sér fyrir

aukinni sanngirni í samfélaginu séu þaggaðar niður með öllum tilteknum ráðum. Núna undanfarið hefur það færst í aukana að réttarkerfinu sjálfu sé beitt sem kúgunartæki gegn fólki sem er að reyna að breyta. Það á ekki bara við um kynferðisofbeldi. Við sjáum þetta líka í máli Þórhildar Sunnu og Báru. Við sjáum þetta aftur og aftur. Þetta er kerfislæg aðför að fólki sem gagnrýnir kerfið. Við vildum stofna þennan sjóð þar sem það er nóg álag á konum sem eru að beita sér gegn kynbundnu ofbeldi í samfélaginu án þess að við bætist fjárhagsleg kúgun. Upphæðin sem konurnar þurfa að borga eru þannig að fæst fólk ræður við að borga þær. Við reynum því að taka þá pressu af konum að þær geti talað frjálsar án þess að eiga á hættu að þurfa að verða gjaldþrota,” segir Sóley og augljóst er að konurnar eru allar komnar með nóg af þeirri þöggun sem þær telja þolendur verða fyrir.

Vilja að þolendur njóti sama málfrélsis og aðrir

Þær segja miklar breytingar þurfa að eiga sér stað og að málfrélsissjóðurinn sé aðeins hluti af stærri byltingu. Segist Elísabet vonast til þess að þolendur geti notið sama málfrélsis og aðrir svo að þær þurfi ekki að lifa lífi sínu í þögn vegna þeirra brota sem þær hafi lent í.

„Að fólk hafi frelsi til að tala um ofbeldið sem það var beitt, og að almenningur allur hafi þann rétt að ræða þessi málefni án þess að eiga á hættu á að vera hótað mál-sóknum. Við vonumst til þess að æra gerenda hætti að teljast dýr-mætari en málfrélsi þolenda. Það

VELDU ÚR MEÐ SÁL



J.S. Watch co.
REYKJAVÍK

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

„POLENDA ER ÞÖGNIN“

Éttarkerfi sem var sett á fót fyrir forréttindakarla af forréttindakörnum viðhaldi sér

Anna Lotta Michaelsdóttir / Mynd: Aðsend



Elísabet Ýr Atladóttir / Mynd: Aðsend



Silja Aðalsteinsdóttir / MYND: JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON.



er margt rangt í núverandi kerfi en í stuttu máli er vandamál hvernig komið er fram við þolendur eins og vitni og vettvang glæps frekar en aðila að eigin málum. Þetta er eitthvað sem er verið að vinna markvisst að því að breyta. En eftir stendur að þöggunin gegn þolendum er sterk og fléttuð inn í réttarkerfi okkar og menningu. Við sem samfélag erum hrædd við það sem þolendur hafa að segja en það er kominn tími til þess að horfast í augu við það og gefa þeim orðið," segir hún.

Telur Sóley mikla vitundarvakningu þurfa að verða til þess að réttarkerfinu verði ekki beitt gegn þeim konum sem gagnrýna það.

„Þetta er eitt skref í áttina að því. Við mótmælum því að réttarkerfi sem var sett á fót fyrir forréttindakarla af forréttindakörnum viðhaldi sér. Samfélagið hefur breyst og réttarkerfið verður að taka mið af því. Það hefði auðvitað átt að gera það fyrir lifandis löngu síðan.“

Anna Lotta segist reyna að leggja sitt af mörkum fyrir stóru heildarmyndina og að hún sé að geta búið í samfélagi sem tekur alla þegna sína jafn alvarlega.

„Ef þú horfir á einn dag á Alþingi og ég er alls ekki að gera lítið úr þeim störfum, en þá sérðu alveg hversu hægt þetta gengur fyrir sig. Bara það að fá einni klausu í einum lagadálki breytt. Þetta kerfi er svo þunglamalegt og það er svo erfitt að komast eitthvað áfram til þess að fá hlutum breytt. Svo er hægt að rífast fram og til baka um orðalagið í hverri setningu fyrir sig þannig að það er ekkert skrítið að við getum ekki breytt meiru í einu en það er það sem ég vil sjá gerast. Þetta eru svo ótrúlega stórir hlutir sem við viljum sjá breytt," segir Anna.

„Núna undanfarið hefur það færst í aukana að réttarkerfinu sjálfu sé beitt sem kúgunartæki gegn fólki sem er að reyna að breyta

Teljidið þið að vísitandi sé verið að þagga niður í konum/þolendum?

Elísabet: „Já. Hiklaust. Ekki bara er þetta þöggun gegn þolendum heldur er þetta líka ógnvænleg opinberun á því hvernig dómáram eru ekki jafn hlutlausir og fólk hefur haldið fram. Dómari dæmdi út frá skoðunum sínum og fordómum, mér þykir það skýrt. Hann tekur málfrelsi fólks og traðkar á því, en vandinn liggur ekki bara hjá honum. Hann fæðist inn í sömu menningu og við hin og því er dómurinn merki um stærra samfélagsvandamál.“

Anna Lotta: „Ég túlka þetta þannig að ég megji ekki tjá mig og ég tek því sem algjörru þöggun.“

Þegar mál eins og þessi koma upp segir Sóley framkvæmdagleiði fólks virkjust og að það sé einmitt tilfellið hér.

„Vandamálið er þaggað með þessum hætti og versti óvinur þolenda er þögnin. Ef það væri ekkert mótlæti í lífinu þá væri ekki þörf fyrir okkur, þá værum við bara heima að baka. Þetta er eitt af þessum verkefnum sem verður að taka akkúrat þegar það er að gerast. Alls konar tilfinningar leysast úr læðingi sem eru kraftmiklar og verður að virkja.“

Þakklátar fyrir þann stuðning sem þeim er sýndur

Síðan málfrelsisjóðurinn var stofnaður hefur hann gengið vonum fram og segja þær allar mikinn samhljóm vera til staðar. Segist Sóley vona að pólitísku skilaboðin komist til síns heima um að ekki verði liðið að fjárhagslegu öryggi kvenna sé ógnað til viðbótar við allt annað í samfélagi sem sé gegnsýrt af nauðgunarmenningu.

„Við leggjum mikinn metnað í þetta og sama hvað þá er þetta bara fyrsta skrefið í byltingu," segir Elísabet Ýr og má greinilega finna baráttuvilja kvennanna.

Stefnt er að því að ná að safna 20.000 evrum, sem eru tæplega þrjár milljónir íslenskra króna. Nú þegar hafa um 90% af upphæðinni safnast og er því greinilegt að fólk telji málefnið mikilvægt. Söfnunin hófst þann 21. júní síðastliðinn og lýkur þann 21. júlí næstkomandi. Konurnar eru þakklátar fyrir þann stuðning sem þeim er sýndur og hvetja fólk til þess að leggja málefnið lið. Einnig hvetja þær fólk til þess að leita til þeirra óski það eftir stuðningi vegna einhvers sem það er að glíma við. ■

SAT Í STJÓRN FYRSTA MÁLFRELSISSJÓÐSINS ÁRIÐ 1977 – STYÐUR NÝJA SJÓÐINN

Bláðamaður hafði einnig samband við Silju Aðalsteinsdóttur sem er íslensku- og bókmenntafræðingur. Silja sat í stjórn fyrsta málfrelsisjóðs sem stofnaður var héraðs árið 1977, sem varð til í kjölfar undirskriftasöfnunarinnar Varið land. Sjóðurinn var stofnaður til þess að standa straum af kostnaði vegna dóma sem upp komu vegna umræðu um stuðning landsmanna við veru varnarliðsins á Íslandi.

Bláðamaður forvitnaðist um það hvort sá málfrelsisjóður hafi borgað sig og hvað Silju sjálfri finnst um sjóðinn sem stofnaður var á dögunum.

Tókst ykkur ætlunarverk ykkar þegar þú varst í stjórn fyrsta málfrelsisjóðsins?

„Hann var náttúrulega stofnaður í ákveðnu skyni og við gátum

borgað skuldir þessara manna sem voru dæmdir fyrir að tala illa um herinn. En öll smáatriði varðandi hann eru mér bara gleymd, hann borgaði sig þó í þeim tilgangi sem við stofnuðum hann. En þetta var afmarkað verkefni og ég man ekki til þess að við höfum fengið neina beiðni eftir að það mál var útkljáð en samt þori ég ekki að hengja mig upp á það.“

Hefur þú heyrt af nýja málfrelsisjóðnum sem hefur verið stofnaður?

„Jú, jú, ég er búin að leggja minn skerf fram alla vega.“

Hvað finnst þér um nýja málfrelsisjóðinn?

„Ég er mjög hlynnt honum. Mér finnst alveg hræðilegt að fólk fari á hausinn fyrir að segja meiningu sína.“

Klikkaðar samsæriskenningar um bresku konungsfjölskylduna

Konunglega vampíran Karl ■ Hjónaband Meghan og Harry hluti af valdatafli

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Samsæriskenningar hafa í gegnum tíðina vakið mikinn áhuga hjá fólki um allan heim, flestir hafa til dæmis heyrt kenningar um að John F. Kennedy hafi verið myrtur af bandarísku ríkisstjórninni og að menn hafi aldrei lent á tunglinu. Í áranna rás hafa komið fram margar samsæriskenningar um bresku konungsfjölskylduna, illa hefur gengið að sanna þessar kenningar, eins og oft vill vera með samsæriskenningar. Þrátt fyrir skort á sönnunum vekja kenningar þessar mikla athygli og það þarf ekki meira til en snögga leit á netinu til að finna flóknustu og undarlegustu kenningarnar um elstu kóngafjölskyldu í heimi. Við höfum tekið saman nokkrar af þessum samsæriskenningum.

Karlkyns staðgengill

Samsæriskenningarnar um bresku kóngafjölskylduna ná langt aftur. Ein þeirra fjallar um Elísabetu 1, sem var drottning á árunum 1558 til 1603. Hún er meðal annars þekkt fyrir langa valdatíð sína og var oft kölluð meydrottningin, þar sem hún gifti sig aldrei. Hún átti marga biðla á meðan hún var við völd, en neitaði alltaf að giftast. Hún sagðist þegar vera gift, hún væri gift konungsríkinu.

Margir töldu um tíma að ástæða þess að hún giftist aldrei hafi verið líffræðileg, hún hafi nefnilega verið karlmaður. Kenningin gekk út á það að Elísabet hafi látist í barnæsku og að barnfóstrur hennar hafi fundið dreng sem settur var í hlutverk Elísabetar. Enginn á að hafa fengið að vita af þessu ráðabruggi, ekki einu sinni konungurinn.

Síðar hefur komið í ljós að ástæðan fyrir þessari kenningu var að vegna leiðtogahefuleika hennar og gáfnafars hlyti hún að hafa verið karlmaður. Með yfirgnæfandi magni sannana hefur verið sýnt fram á að kenning þessi átti ekki við rök að styðjast og að hún hafi mismunað konum.



Meghan, Harry og Archie litli.



Kate og Vilhjálmur ásamt börnunum sínum þremur.

Brúðkaup með leyndum tilgangi

Núlifandi meðlimir kóngafjölskyldunnar hafa fengið sinn skerf af samsæriskenningum. Heimurinn fylgdist með þegar Harry prins gekk að eiga Meghan hertogaynju í maí árið 2018. Prinsinn, sem vakti oft mikla hneykslan fólks á ungdómsárum sínum, var nú loksins að róast og var tilbúinn til að stofna fjölskyldu.

Párið eignaðist í maí á þessu ári sitt fyrsta barn, þegar sonur þeirra, Archie Harrison, kom í heiminn. Það lítur semsagt allt út fyrir að hjónin séu búin að ná tökum á hinu nýja lífi. En þó eru einhverjir sem velta því fyrir sér hvort hjónabandið sé byggt á lygum. Það eru nefnilega einhverjir sem halda því fram að hjónabandið sé hluti af stærra samsæri.

Þeir sem aðhyllast þessa kenningu segja að þetta sé hluti af ætluunum Breta til að ná aftur völdum í Bandaríkjunum. Þar sem sonur Harry og Meghan er bandarískur ríkisborgari getur hann orðið forseti Bandaríkjanna og verið á sama tíma í bresku erfðaröðinni. Þetta sé snilldarbragð Breta til að ná fram vilja sínum. Sá galli er þó á þessari kenningu að það dugir ekki að vera bandarískur ríkisborgari til að verða forseti, viðkomandi þarf að vera fædd/ur í Bandaríkjunum.

Óskilgetið barn

Kenningin um hjónaband Harry og Meghan er ein þeirra vægustu sem fram hafa komið, í gegnum tíðina hafa komið fram margar flóknari

samsæriskenningar um bresku konungsfjölskylduna.

Maður að nafni Robert Brown hefur áratugum saman haldið því fram að hann sé óskilgetinn sonur Margrétar prinsessu.

Prinsessan, sem var yngri systir Elísabetar drottningar, átti að hafa átt í leynilegu ástarsambandi við starfsmann kongungsfjölskyldunnar. Robert Brown heldur því fram að hann hafi fæðst inn í konungsfjölskylduna árið 1955 og hafi verið sendur í burtu eftir að ástarsambandinu lauk.

Brown er sagður hafa eytt miklum fjármunum í að sanna mál sitt, árið 2015 á hann að hafa reynt að fá málið tekið upp í hæstarétti. Það hefur ekki tekist enn og margir efast um mál hans.

Konungleg vampíra

Karl Bretaprins hefur líka fengið sinn skerf af samsæriskenningum. Ein kenninganna um Karl prins af Wales er afar sérstök. Þar er því haldið fram að hann sé vampíra, eða að minnsta kosti afkomandi vampíru. Samkvæmt kenningu þessari er hinn rúmlega sjötugi prins fjarskyldur ættingi Vlad III, hershöfðingja og fursta í furstadæminu Valakia, í núverandi Rúmeníu.

Þegar Bram Stoker skrifaði bók sína um vampíruruna Dracula var fyrrnefndur fursti innblástur hans og þar með hafa samsæriskenningasmíðir fundið tengingu á milli prinsins og þessa fjarskylda ættingja.

Vampírur eiga að vera við-

kvæmar fyrir sólarljósi, en það er eitthvað sem tengt hefur verið við Karl Bretaprins og konungsfjölskylduna. Purpuraveiki (e. porphyria) er nefnilega arfgengur sjúkdómur sem herjað hefur á bresku konungsfjölskylduna. Þeir sem þjást af þessum sjúkdómi eru haldnir ljósfælmi og fá útbrot af völdum sólarljóss.

Vangaveltur um staðgöngumæðrun

Vangaveltur hafa verið uppi um það hvort Kate hertogaynja hafi í raun gengið með sitt annað barn. Margir hafa haldið því fram að hertogaynja hafi notast við staðgöngumóður. Ástæðan fyrir þessari tilteknu samsæriskenningu er sú að hún hafi litið of vel út eftir fæðinguna til að hafa getað fætt sjálf. Er því einnig haldið fram að hertogaynja hafi notað falskan óléttumaga meðan á meðgöngunni stóð.

Falskur afturendi

Yngri systir hertogaynjunnar, Pippa Middleton, hefur einnig fengið að kenna á samsæriskenningunum. Hún stal senunni við brúðkaup systur sinnar og Vilhjálms prins og beindist athyglin aðallega að afturenda hennar.

Hin 34 ára gamla Pippa leit nefnilega svo vel út í þröngum hvítum kjól þegar hún var á leið inn í kirkjuna. Því hefur verið haldið fram að bakhluti hennar hafi ekki verið ekta, þetta hafi verið sjónhverfing og að hún hafi nýtt tækifærið til að



Karl Bretaprins.
MYND:WIKIMEDIA COMMONS

sýna heimsbyggðinni bakhlutann.

Umdeilt ástarsamband

Það gekk lengi orðrómur um það að Díana prinsessa hafi í raun átt Harry með elskhuga sínum, James Hewitt.

Díana viðurkenndi að hafa átt í ástarsambandi við Hewitt og að sambandið hafi varað í fimm ár. Breska þjóðin reiknaði það út að sambandið hafi hafist um það bil sem Díana varð ólétt að Harry.

Einnig hafa margir bent á það að Harry prins og James Hewitt séu sláandi líkir. Hewitt hefur alltaf neitað því að hann sé faðir Harry, hann neitar því ekki að þeir séu líkir en heldur því fram að Harry hafi verið farinn að ganga þegar ástasamband Hewitt og Díönu hófst.

Samkvæmt Hewitt hittir hann prinsessuna ekki fyrr en árið 1986, þegar Harry var tveggja ára gamall. Því hefur einnig verið haldið fram að gerð hafi verið DNA-rannsókn til að skera úr um hvort Karl Bretaprins sé í raun faðir hins rauðhærða Harry. ■

VÖRUR Í BOÐI TIL MERKINGA



STUTTERMABOLIR
POLOBOLIR
HETTUPEYSUR
PEYSUR
HÚFUR
HANSKAR
BARNAPEYSUR
BARNABOLIR



EIGUM ALLAR TEGUNDIR OG LITI AF FYRIRTÆKJAFATNAÐI

Saumastofa ÍSLANDS SAUMASTOFA.ISLANDS@GMAIL.COM

Malarhöfða 2
5813330



Það er margt enn óvitað um tunglið.

Tunglið skreppur saman eins og rúsína

■ Vísindamenn nær því að leysa ráðgátuna um tunglskjálfta ■ Enn hvílir dulúð yfir tunglinu

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Tunglið okkar er ekki dauður klettur sem hangir uppi á himninum á braut um jörðu. Tunglið hefur innra líf sem er falið okkur. Við erum alltaf að gera nýjar uppgötvánir um tunglið og við erum alltaf að læra betur hvernig heimurinn virkar. Á sjöunda áratug síðustu aldar staðfestu geimfararnir sem gengu um á tunglinu að þar væri skjálftavirkni, það er að segja stundum gangi tunglskjálftar yfir,

líkt og jarðskjálftar ganga yfir hér á jörðinni.

Stóra spurningin hefur verið, hvaðan koma tunglskjálftarnir og þar með hvernig tunglið er samansett? Nú eru vísindamenn aðeins nær því að leysa þá ráðgátu. Hingað til hafa vísindamenn skýrt tunglskjálftana á tvo vegu, annars vegar að jörðin hafi áhrif á innri hluta tunglsins og hins vegar að loftsteinar sem lenda á tunglinu skapi skjálftana. Nú hafa vísindamenn fundið nýja skýringu, að tunglið sé að skreppa saman.

Innra líf tunglsins

Miðja tunglsins var heit en hefur á milljónum ára kólnað mikið. Við kælinguna harðnar yfirborð tunglsins á meðan tunglið skreppur saman. Og vegna þess að yfirborðið er að harðna brotnar það þegar tunglið skreppur saman.

Það er hægt að líkja þessu við vínber sem skreppur saman og verður að krumpaðri rúsínu. Munurinn er bara sá að yfirborð tunglsins brotnar og skapar hóla og dali. Þegar yfirborðið hins smækkandi tungls dregst saman skiptist það í plötur og kantarnir

Það er ótrúlegt að hægt hafi verið að nýta fimmtíu ára gömul gögn í bland við nýjar myndir til að læra eitthvað nýtt um tunglið.

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



ir ýtast saman. Þetta getur verið ástæðan fyrir hinum mörgu tunglskjálftum sem geimfarar Nasa mældu á sínum tíma.

Með nýrri tækni og nýjum myndum af yfirborði tunglsins hafa vísindamenn NASA, Smithsonian-stofnunarinnar og fleiri stofnana, kortlagt hvar tunglskjálftarnir sem geimfararnir fundu fyrir áttu upptök sín.

Gamlar upplýsingar í nýrri rannsókn

Í ljós hefur komið að flestir skjálftanna áttu upptök sín þar sem flekarnir á yfirborði tunglsins mætast. Á toppum hæðanna á þeim svæðum tunglsins sem eru hæðótt er yfirborðið ljósara en á svæðunum í kring. Í tímans rás dökkna steinarnir og mölin á yfirborði tunglsins af geislum sólarinnar og ljósi liturinn á hæðunum bendir til þess að þar hafi sólin ekki náð að skína eins lengi og annars staðar á tunglinu. Þess vegna hafa vísindamenn dregið þá ályktun að hæðirnar hafi myndast við jarðhræringar.

Það er ótrúlegt að hægt hafi verið að nýta fimmtíu ára gömul gögn í bland við nýjar myndir til að læra

eitthvað nýtt um tunglið. Einnig sýna þessar nýju upplýsingar okkur fram á að það er margt sem við eigum eftir að læra um tunglið og hvernig það er samansett.

Jörðin og tunglið hafa áhrif hvort á annað

Auk þess að skýra frá því hvernig nýir hólur og hæðir myndast á yfirborði tunglsins, hafa vísindamennirnir sem stóðu að verkefninu komist að því að flestir tunglskjálftanna eiga sér stað þegar tunglið er lengst frá jörðu.

Skýringin á því er sú að áhrifin af þyngdarkrafti jarðarinnar eru mest á þeim tíma. Einnig benda niðurstöðurnar til þess að þeir gríðarlegu kraftar sem sjá um að halda tunglinu á sínum stað geti komið hreyfingu á flekana sem orsaka tunglskjálfta.

Þetta er þó ekki eini leyndardómurinn um tunglið sem upplýstur hefur verið á undanföllum mánuðum. Fyrir nokkrum vikum síðan var skýrt frá því að mikið vatn sé að finna undir yfirborði tunglsins sem þyrlast upp þegar stórir loftsteinar lenda á tunglinu. ■

LIION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

SAKAMÁL



Kvennadrápstal (The Femicide Census) er gagnabanki sem heldur utan um upplýsingar yfir fleiri en þúsund konur sem myrtar hafa verið af karlmonnum á Englandi og í Wales frá árinu 2009. Um er að ræða nýstárlegt verkefni sem miðar að því að sýna skýrari mynd af banvænu ofbeldi karla gegn konum með nákvæmum mælingum og greiningu.

„ÓLEYSTUM MORÐMÁL

■ Morðmál sem enn valda lögreglunni í Englandi heilabrotum

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Pratt fyrir langar og ítarlegar rannsóknir lögreglunnar, þá eru þessi óhugnanlegu morðmál, sum sem ná allt aftur til áttunda áratugarins, enn að valda lögreglunni heilabrotum. Aðstandendur eru enn í sár-um og vita ekki hver er ábyrgur fyrir morðinu á ástvinum þeirra og möguleiki er á að morðingjarnir gangi enn frjálsir sinna ferða.

MailOnline á vefsíðunni DailyMail fór yfir 15 óleyst morðmál í Bretlandi með það að markmiði að reyna að finna og koma lögum yfir morðingjana. Hér er fyrsti hluti af þremur.

Jill Dando

Eitt þekktasta óleysta málið er morðið á Jill Dando. Dando var kynnr þáttanna Crimewatch og var hún skotin árið 1999 fyrir utan íbúð sína í Fulham í Vestur-London. Hún var 37 ára.

Dando var skotin einu skoti í höfuðið. Nágrannar fundu hana sitjandi við útidyrarhurð sína í blóðpolli. Á öryggismyndavélum sást bláum Range Rover keyrt í burtu á miklum hraða, en bílnum hafði verið lagt í götunni þar sem



Barry George, atvinnulaus einfari, var handtekinn fyrir morðið í júlí 2001. Hann var seinna sýknaður.

Dando bjó. Morðið var rannsakað af Scotland Yard og Barry George, atvinnulaus einfari, var handtekinn fyrir morðið í júlí árið 2001. Hann áfrýjaði og málið var endurupptekið og hann var sýknaður af kvíddómi í ágúst 2008.

Grunur hefur alltaf leikið á að Dando hafi verið myrt af leigumorðingja. Lögreglunni hefur ekki enn tekist að leysa málið, áratug eftir að George var látinn laus.

Í nýlegri yfirlýsingu frá lög-

reglunni segir: „Lögreglan hefur rannsakað til fulls aðstæðurnar í morðinu á Jill Dando. Tvö réttarhöld hafa farið fram og rannsóknin hefur verið yfirfarin innan lögreglunnar. Ef nýjar upplýsingar munu koma fram í málinu, þá verða þær rannsakaðar.“

Suzy Lamplugh

Suzy Lamplugh var 25 ára þegar hún hvarf. Hún yfirgaf skrifstofu sína árið 1986 til að sýna manni,



Tony Priest, kærasti Eve Stratford, fann hana skorna á háls að kvöldi 18. mars 1975.

sem gekk undir nafninu Herra Kipper, hús í Fulham í Vestur-London.

Daginn eftir hvarf hennar fannst Ford Fiesta-bifreið hennar tæpum tveimur kílómetrum frá. Lamplugh var lýst látin, líklega myrt, átta árum seinna, árið 1994. Síðast sást til hennar þar sem hún reifst við karlmann á Shurrold-vegi í Fulham, en síðan fór hún burtu í bifreið með manningum.

John Cannan, sem er með fyrri dóma fyrir kynferðisbrot og morð, var yfirheyrður nokkrum sinnum vegna málsins og er hann efstur á lista yfir grunaða í máli Lamplugh.

Þremur dögum áður en hún hvarf var Cannan látinn laus úr Wormwood Scrubs-fangelsinu, þar sem hann hafði afplánað sex ára fangelsi fyrir nauðgun. Árið 1989 hlaut hann lífstíðarfangelsi fyrir nauðgun og morð á hinn nýgiftu Shirley Banks í Bristol. Cannan komst aftur efst á lista yfir grunaða vegna máls Lamplugh í október á síðasta ári þegar rannsóknarlögregla reif upp verönd á fyrrum heimili Sheilu, móður hans, í Sutton Coldfield. Núverandi eigandi lýsti því yfir að fyrir 15 árum síðan hefði teymi á vegum lögreglunnar eytt sex mánuðum í að rannsaka verönd í hinum enda sama bakgarðs. Þrátt fyrir að leit að hafi verið í seinna skiptið í tvær vikur eftir sönnunargögnum fundust engin slík.

Cannan situr sem fyrir segir í

fangelsi fyrir nauðgun og morð, en ekki er hægt að ákæra hann vegna morðsins á Lamplugh þar sem lík hennar hefur ekki fundist.

Eve Stratford

Eve Stratford vann sem kanína í Playboy-klúbbi í Park Lane í London. Kvöldið 18. mars árið 1975 var henni nauðgað og hún myrt á heimili sínu. Kærasti hennar, Tony Priest, söngvari poppsveitarinnar Onyx, fann hana skorna á háls, en hún hafði verið stungin átta til tólf sinnum. Rannsóknarlögreglumenn telja að hún hafi þekkt morðingja sinn og því boðið honum inn á heimili hennar og Priest.

Að kvöldi til, sex mánuðum seinna, þann 2. september, var Lynne Weedon, 16 ára, nauðgað á hrottalegan hátt í húsasundi nálægt heimili sínu í Hounslow. Hún fannst næsta dag við nálæga lestarstöð, en lést stuttu seinna af sár-um sínum.

Colin Sutton, fyrrverandi lögreglumáður, telur að þriðja konan, Lynda Farrow, sem var stungin til bana með hnífi á heimili sínu fjórum árum seinna, árið 1979, sé fórnarlamb sama morðingja.

Morðin á Stratford og Weedon voru tengd saman árið 2007 eftir að sama DNA fannst á báðum fórnarlömbum, en konurnar þekktu ekki hvor aðra og engin tengsl voru á milli þeirra.

Lögreglan hefur upplýst að það

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Allir út að hjóla
með **TUDOR**



Hraðþjónusta
Við mælum rafgeyma og skiptum um

Eitt mesta úrval
landsins í allar gerðir faratækja

Bíldshöfði 12 - skorri.is - 5771515

Karen Ingala Smith og Women's Aid (Kvennahjálpi) eiga heildurinn af verkefninu, en það er tilkomid vegna þarfar á því að taka á banvænu ofbeldi karla gegn konum. Verkefnið miðar að því að finna einkenni kvendrápa, aðstæður sem leiða til þeirra og hjálpa til við að draga úr þeim. Verkefnið hófst í febrúar árið 2015 og er byggt á upplýsingum Smith sem hún hafði safnað saman á blogsíðu sinni, fyrsta skýrslan kom út í desember árið 2016. Smith hefur síðan í janúar árið 2012 safnað saman upplýsingum af netinu um fréttir þar sem konur eru drepnar af mönnum, meðal annars úr tölfraði lögreglunnar, fréttum og skýrslum. Smith safnaði saman upplýsingum um gerendur, málsatvik, þar á meðal dagsetningu, nöfn aðila, lögregluumdæmi, börn viðkomandi, skráða ástæðu og morðvopn.



LUM ER ALDREI LOKAÐ

Melanie Hall var 25 ára þegar hún hvarf kvöld eitt þegar hún var úti að skemmta sér. Líkamsleifar hennar fundust 13 árum seinna.



Debbie Linsley 26 ára fannst látin 23. mars 1988 í lest við komu hennar á Viktoríustöðina í London.



Jill Dando var skotin til hana fyrir utan íbúð sína í Fulham í Vestur-London árið 1999.



Lamplugh, 25 ára, hvarf árið 1986, en hún yfirgaf skrifstofu sína til að hitta óþekktan viðskiptavin að nafni Herra Kipper. Lögreglan telur að Kipper sé John Cannan, dæmdur morðingji.

séu engar nýjar upplýsingar í máli Stratford.

Melanie Hall

Melanie Hall, 25 ára, hvarf kvöldið 9. júní 1996 í Bath og fann verkamaður líkamsleifar hennar við hraðbraut 13 árum seinna.

Hall, sem starfaði sem ritari við Royal United-spítalann í Bath, Somerset, var að skemmta sér á Cadillacs-næturklúbnum sem staðsettur er á Walcot-stræti, kvöldið sem hún hvarf. Síðast sást til hennar kl. 01.10 um nóttina þar sem hún sat á stól við dansgólfið.

Í mars árið 2014 óskaði lögreglan eftir upplýsingum um hvítan Golf Gti, sem var með tengingu við Pentwn-svæði í Cardiff, en lögreglan taldi bílinn hafa þýðingu í málinu.

45 ára gamall karlmaður, sem var ekki verið nafngreindur, var handtekinn í júní árið 2016 grundaður um morðið. Hafði hann mætt sjálfviljugur á lögreglustöð í Wiltshire og óskað eftir að tala við þann sem fór með rannsókn málsins. Lögreglan gaf hins vegar út yfirlýsingu í september sama ár að honum hefði verið sleppt án ákæru.

Handtaka hans kom í kjölfar yf-

irlýsingar frá foreldrum Hall þar sem þau buðu 50 þúsund pund af eigin fé sem verðlaun fyrir nýjar upplýsingar í máli hennar, 20 árum eftir hvarf hennar.

Sarah Davenport, leynilögregluamaður í lögreglunni í Avon og Somerset, gaf nýlega út yfirlýsingu og óskaði eftir nýjum upplýsingum í máli Hall.

„Óleystum morðmálum er aldrei lokað. Málin eru skoðuð reglulega til að athuga hvort ný tækni, eins og framfarir í DNA-tækni, geti leitt eitthvað nýtt í ljós. Við erum einstaklega þakklát almenningi fyrir alla hjálp frá þeim og við fáum oft símtöl með nýjum upplýsingum, jafnvel varðandi sum af okkar elstu óleystu málum.“

Hvarfið og morðið á Melanie Hall er enn óleyst. Koma verður refsingu yfir morðingja hennar til að fjölskylda hennar geti öðlast sátt. Ég vil hvetja alla sem búa yfir upplýsingum um hver drap Melanie, eða hvers vegna hún var drepin, til að stíga fram núna. Upplýsingar sem virðast lítilveggar geta verið lykillinn að lausn málsins.“

Debbie Linsley

Debbie Linsley, 26 ára, fannst

látin 23. mars 1988 í lest sem kom frá Orpington í Bromley, London, þegar lestin stöðvaði á Viktoríustöðinni.

Linsley, sem starfaði sem hóteltjóri í Edinborg, var að heimsækja foreldra sína og Gordon, bróður sinn, sem hugðist ganga í hjónaband skömmu síðar.

Hún steig um borð í lestina í Petts Wood í Suðaustur-London og sat í gamaldags sex manna vagni, en dyr voru á báðum hliðum

vagnsins.

Hermt er að frönsk au-pa-ir stúlka hafi heyrt öskur eftir að lestin fór frá Brixton í Suður-London. Lestin kom á lestarvall 2 og klukkan 14.50 fundu starfsmenn lík Linsley um borð. Talið er að hún hafi verið myrt með 12-18 cm hníf sem lögreglan hefur enn ekki fundið. Yfir 1.200 yfirlýsingar vitna hafa verið teknar og fleiri en 650 einstaklingar útilokaðir sem mögulegir sakborningar á þeim tíma sem

rannsóknin hefur staðið yfir.

Linsley barðist við morðingja sinn og fannst DNA hans í blóðslóð á vettvangi. Engin samsvörun fannst í alþjóðlegum DNA-gagnabanka og rannsóknarlögreglan notaði nýja aðferð í mars á þessu ári til að reyna að finna og bera kennsl á morðingja hennar. Notuðu þeir svokallaða fjölskylduleit til að reyna að finna einhvern sem gæti verið skyldur gerandanum. Hvöttu þeir einnig almenning til að hugsa til baka til dagsins sem Linsley var myrt til að reyna að sjá hvort þeir myndu eftir einhverju.

Þrátt fyrir allt hefur lögreglunni þó ekki tekist að finna morðingja hennar og engar nýjar upplýsingar hafa komið fram tengdar morðinu.

Erfidrykkja

KAFFIHLAÐBORÐ ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR, SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FYRIR ERFIDRYKKJUNA HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Afgreitt á einnota fötum
tilbúið á borðið

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

„Mikilvægt að konur viti af því að þetta sé til“

Marianna greindist með sjaldgæfan meðgöngukvilla sem tók yfir líf hennar

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Marianna Magnúsdóttir er 31 árs gömul og gengur með sitt fyrsta barn. Þegar Marianna komst að því að hún væri barnshafandi voru það mikil gleðitíðindi, enda bæði fyrsta barn hennar og fyrsta barnabarn foreldra hennar en faðir Maríönnu er afraunamaðurinn Magnús Ver. Stuttu eftir að Marianna vissi af þunguninni fór hún að upplifa mikla ógleði og uppköst sem hún taldi eðlileg í fyrstu. Fljótlega kom þó í ljós að ekki var allt með felldu og áður en Marianna vissi af var hún lögð inn á spítala.

Tók yfir líf hennar

„Ég er með það sem kallað er Hyperemesis gravidarum, eða HG. Það lýsir sér sem meðgöngukvilla sem einkennist af massífum uppköstum, ofþornun, ógleði, svima og þyngdartapi. Þetta er alvarlegra en venjuleg morgunógleði þar sem þetta tekur yfir líf þitt algjörlega. HG á að skána í kringum sextánda til tuttugustu viku en er oft alla meðgönguna, sem betur fer eru ekki margar konur sem fá þetta en mér finnst samt mikilvægt að konur viti af því að þetta sé til,“ segir Marianna.

Hún er hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu Landspítalans og er hún iðin við að ferðast og þjálfa hundana sína tvo. Það hefur tekið gríðarlega á hana að vera upp á fjölskyldu sína komna meira og minna alla meðgönguna.

„Ég hef verið með gríðarleg uppköst og mikla ógleði sem olli því að ég var á tveggja til þriggja



Frumburðurinn Marianna er gengin rúmlega 24 vikur með sitt fyrsta barn.

daga fresti uppi á göngudeild mæðravendur að fá vökva í æð. Eftir tíu ferðir á spítalann, þar sem mér voru gefnir tveir til fimm lítrar af vökva í æð í hvert skipti, var ákveðið að leggja mig inn til þess að reyna að stilla þetta af. Ég hélt engu niðri á þessu tímabili heldur kom allt upp. Vanlíðanin sem fylgir því að vera alltaf óglatt og þar af leiðandi alltaf svöng er ekki góð. Þú einangrast rosalega þar sem þú kemst ekkert út úr húsi, þú verður það máttlítil að það að færa þig úr rúmi yfir í sófann verður erfitt og

það þarf að skipuleggja sturtuferðir svo það líði ekki yfir þig.“

Ekki eins og hver önnur morgunógleði

Marianna hóf að kasta upp í enda febrúar á þessu ári og var hún komin í veikindaleyfi frá vinnu í byrjun mars. Hún er loksins að komast aftur til starfa í júlí, en hún er gengin rúmlega 24 vikur.

„Ég er ekki eins slæm og ég var en ógleðin er enn þá til staðar. Ég þarf að passa mig að borða reglulega og drekka nóg til þess að ég

lengi ekki á sama stað.“

Marianna lá í heildina í þrjár vikur inni á spítala og ráðleggur hún konum sem gruna að þær kynnu að hafa HG að tala strax við ljósmóður sína.

„Það dugar oft að grípa inn í með vökvagjöf og þá þarf ekki meira inngríp en það, en þessi veikindi eru ekki eins og hver önnur morgunógleði. Ég var orðin það næringarlaus og þurr að það var lítið annað í stöðunni en að setja í mig stóran æðalegg í hálsinn til þess að gefa mér næringu, stera og lyf í æð. Ég var búin að léttast um 12 kíló og var komin með brenglun á sóltunum í líkamanum vegna langvarandi næringar- og vökvaleyfis. Það náðist sem betur fer að hressa mig við og koma næringarstandinu í ásættanlegan farveg og ég er þeim sem sinntu mér ævinlega þakklát.“

Lífir fyrir hundana sína

Settur fæðingardagur er 24. október og segir Marianna fjölskylduna vera mjög spennanta. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á hundum og þegar hún var nítján ára létu foreldrar hennar loksins undan og gáfu henni Silky Terrier-tíkina Töru. Marianna hefur síðan þá verið dugleg að þjálfa Töru og er hún stór partur af lífi Maríönnu. Eftir að Marianna veiktist hefur hún þurft að reiða sig á aðstoð við umönnun hundana en segist ekki geta beðið eftir því að geta haldið áfram að þjálfa þær eftir að meðgöngu lýkur.

„Ég hef alltaf verið hundasjúk, alveg frá því að ég var lítil og núna á ég tvær Silky Terrier-skvísur, þær Töru Dúllu og Teslu. Ég lífi fyrir hundana mína og að þjálfa þær og æfa finnst mér stór hluti af okkar sambandi.“ ■

7 hlutir sem þú vissir ekki um HG (Hyperemesis Gravidarum)

■ Einkennin eru ekki „bara“ slæm morgunógleði

Talið er að í kringum 85% kvenna upplifi morgunógleði á meðgöngu en aðeins 2% kvenna fái HG.

■ Þú ert ekki að framkalla einkennin

HG kemur vegna meðgönguhormónsins HCG og það er ekkert í hegðun kvenna sem orsakar veikindin.

■ Lyf geta hjálpað

Þrátt fyrir að HG hafi ekki verið rannsakað lengi hafa lækningar fundið nokkur lyf sem hjálpa konum.

■ Litlar líkur á að barnið sé í hættu

Þegar konur verða veikar á meðgöngu hafa lækarnir mestar áhyggjur af vökvaskorti og ójafnvægi á sóltum í líkama þeirra. Fóstrið tekur þá næringu sem það þarf og aðaláhersla lækna er að koma móðurinni í gott jafnvægi. Fóstrin eru snillingar í því að taka allt sem þau þurfa til þess að vaxa. Það er þó alltaf ráðlagt að hitta lækni ef verðandi móðir nær hvorki að halda mat né vatni niðri í marga klukkutíma í senn.

■ Að borða minna hjálpar ekki

Þegar kona þjáist af HG er líklegra að hún kasti upp þjáist hún af vökvaskorti. Það er því mikilvægt að nærast og í mörgum tilfellum þurfa konur vökva í æð til þess að slá á ógleði og uppköst.

■ HG getur verið gott þegar kemur að hormónum – fóstursins vegna

Konur sem fá HG eru ekki í meiri áhættuhóp við að missa fóstur þar sem ástæða þess er oft talin vera vegna mikilla HCG hormóna. Ef kona með HG nær hins vegar ekki að halda niðri vökva og næringu en fær ekki þá aðstoð sem hún þarf getur hún verið í áhættu. Sé henni ekki sinnt á réttan hátt getur hún orðið fyrir bein- og vöðvarýrnun og átt á hættu að ofþorna sem getur leitt til dauða.

■ Ekki allar konur fá HG á öllum meðgöngunum

Einungis helmingur kvenna sem greinist með HG á fyrstu meðgöngu upplifa það á seinni meðgöngum.

5 frægar sem hafa fengið HG



Kate Middleton
Amy Shumer
Kelly Clarkson
Kim Kardashian
Debra Messing

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
10-40%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR

LAUGAVEGI

62

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

REYKJAVIK
RAINCOATS

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Aflhlutir þjóna sjávar- útvegi, fiskeldi og fleiru

Starfsmenn og eigendur Aflhluta ehf. erum við Hrafn Sigurðsson, Björn Jóhann Björnsson og Helgi Axel Svavarsson, sem allir erum menntaðir vélfræðingar og höfum áratugareynslu í sölu og tæknilegri þjónustu við sjávarútveginn. Aflhlutir ehf. er umboðsaðili fyrir mörg af þekktustu vörumerkjum á markaði tengdum sjávarútvegi. Þar má nefna bátavélar frá JOHN DEERE, DEUTZ, MAN, hliðarskrúfur frá ABT-TRAC, ljósavélar ZENORO og fiskidælur frá SEA-QUEST," segir Hrafn einn af eigendum Aflhluta.

Sea-Quest sem er staðsett í Killibeks í Írlandi, er leiðandi í dag í framleiðslu á fiskidælum og tengdum búnaði fyrir uppsjávarveidiskip. Í dag eru nálægt 70% af uppsjávarskipum á Íslandi með fiskidælur frá Sea-Quest. Aflhlutir ehf. þjónustar sjávarútveginn, fiskeldið, bændur og verktaka.

Nýlega tóku Aflhlutir ehf. við umboði fyrir hinar þekktu JCB rafstöðvar. „Fyrir stuttu seldum við tvær JCB rafstöðvar fyrir varaafli til ISAVIA á Reykjavíkflugvelli, einnig höfum við selt töluvert af JCB rafstöðvum til fiskeldisfyrirtækja, þar sem þær hafa reynst mjög vel enda þekktar fyrir gæði og áreiðanleika," segir Hrafn.

Umboð fyrir bátasmiðjuna Bredgaard Boats

Árið 2016 tóku Aflhlutir ehf. við umboði fyrir Danska skipasmiðastöð sem heitir Bredgaard Boats. Bredgaard Boats, sem staðsett er í nýjum húsakynnum í Röðby, hefur

framleitt atvinnubáta frá árinu 1967. Helstu viðskiptalönd Bredgaard Boats eru Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Grænland, Þýskaland, Holland og nú síðast Ísland. „Það eru mjög spennandi tímar framundan hjá Aflhlutum ehf. varðandi bátasölu, þar sem nú dregur að sjósetningu stærsta vertíðarbáts sem smíðaður hefur verið úr trefjaplásti fyrir íslenskan aðila. Bárður SH-81, sem er í eigu útgerðarmannsins Péturs Péturssonar á Arnarstapa, hefur verið í smíðum hjá Bredgaard Boats síðan í febrúar 2018. Bárður SH er smíðaður undir eftirliti og samkvæmt reglum flokkunarfélagsins Bureau Veritas. Í honum er allt það nýjasta nýtt sem er í boði á markaði í dag.“

Endurnýjun á hefðbundnum vertíðarbátum

Hrafn telur að þar sem mikil endurnýjun hafi átt sér stað í togaraflothanum og uppsjávarveidiskipum sé nú komið að þessum hefðbundnu vertíðarbátum sem hafa setið eftir. „Við sjáum að þessir bátar eru flestir komnir til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Viðhaldskostnaður og óhagkvæmni í rekstri er þá töluvert miðað við þann búnað sem í boði er í dag. Þar má til dæmis nefna að aðalvélin í Bárði SH, sem er frá MAN í Þýskalandi, er með eldsneytisnotkun sem gerist vart lægri í þessum vélaflökki, ekki nema 195 g/kWh og uppfyllir allar þær ströngu kröfur um mengun sem gerðar eru í dag.“

Með mikið af búnaði í nýjan Bárð

götur síðan verið góðir félagar. Við unnum þó á sitthvorum staðnum. Hann hjá Vélsölnni og ég var í mörg ár hjá Merkúr, svo við vorum keppinautar þá. Svo atvikaðist það þannig að við hættum á sama tíma, hann hjá Vélsölnni og ég hjá Marás, þar sem ég var í eitt ár. Þá stofn-

„Bárður SH verður einn fullkomnasti bátur af þessari stærð þegar hann kemur til landsins síðar í sumar. Við erum þeir aðilar sem erum með milligöngu um smíði og sölu á þessum báti og seljum að auki mestallan búnað í hann. Aðalvélin er frá MAN og er 900 hestöfl, niðurfærslugirinn er TWIN DISC MGX, skrúfubúnaðurinn kemur frá Teignbridge, tvær ljósavélar frá Zenoro í Hollandi, hliðarskrúfurnar bæði framan og aftan frá ABT Track í Bandaríkjunum. Þetta eru hliðarskrúfur sem hafa reynst alveg gríðarlega vel á þessum markaði fyrir smærri gerð af bátum. Svo er kraninn frá Guerra á Spáni. Við erum því með puttana í mörgu í tæknibúnaðinum í þessum bát og erum líka að sinna eftirliti með smíðinni.

Við fylgjum mjög vel eftir öllum okkar verkefnum og erum vel tengdir í þau. Við erum ekki bara að selja, heldur að þjónusta og fylgja eftir öllum þáttum, þannig að allt verði gert eins vel og völ er á fyrir okkar viðskiptavini," segir Helgi, vélfræðingur og rafiðnfræðingur.

27 metra langur og 7 metra breiður

Að mati Hrafns býður bátasmiðja Bredgaard Boats upp á kosti sem ekki hafi sést hér á Íslandi áður, þegar litið er til styrkleika og gæða. „Hinn nýi Bárður verður stærsti trefjaplástbátur sem smíðaður hefur verið fyrir íslenskan útgerðarmann. Hann er tæplega 27 metra langur og 7 metra breiður. Borghein Yacht Design í Danmörku sem er með áratuga

reynslu í hönnun báta, hannaði og teiknaði nýjan Bárð SH í samvinnu við Pétur. Við höfum selt vélbúnað um borð í íslenska plastbáta í áratugi og höfum aldrei séð flottari og vandaðri vinnubrögð á nokkrum bát eins og hjá Dönunum.

Snurvoðaspil, netatromma og stjórnúnaðurinn fyrir snurvoðina verður með því fullkomnasta sem þekktist, og verður öll stjórnun á voðinni tölvustýrð með snertiskjá. Þessi búnaður kemur frá AS-Scan í Danmörku. Allt vökvakerfið í báti er einnig lagt af sérfræðingum AS-Scan. Vökvadælur og lokar koma frá Landvéllum. Það er víða komið við í þessu og þetta verður gríðarlega öflugur bátur í alla staði og vandaður," bætur hann við.

Eftir afhendingu bátsins í Röðby, verður siglt til Boa Tech í Danmörku þar sem allur dekkbúnaður verður settur í hann, þ.e. þvottakör, fiskimóttakan og annar búnaður á dekki.

Hafa trú á að fleiri fylgi í kjölfarið

„Þegar menn átta sig á öllum kostum þessa báts og gæði búnaðarinnar, erum við bjartsýnir á að menn flykkist um borð í hann til að skoða og sjái þá um leið hve vandaður gripur þetta er og fari að leita til Danmerkur eftir nýjum bátum. Ég er viss um að með þessum nýja Bárði hefjist nýr kafli í smíði plastbáta fyrir íslenskar útgerðir. Vinnan er einstaklega vönduð og verðið mjög gott og höfum við mikla trú á því að fleiri fylgi í kjölfarið," segir Hrafn.

Allir menntaðir vélfræðingar

Aflhlutir var stofnað 2006. „Við vorum upphaflega sex sem stofnuðum fyrirtækið. Síðan skildu leiðir eftir fyrsta árið en ég og Björn, héldum áfram með fyrirtækið. Við Björn útskrifuðumst saman úr Vélaskóla Íslands árið 1980 og höfum allar

erum jafnframt hluthafar. Við erum allir menntaðir vélfræðingar og með réttindi sem slíkir. Helgi er auk þess menntaður rafiðnfræðingur. Starfsemin er byrjuð að sprengja utan af sér, þannig að við erum farnir að huga að ýmsum hlutum til framtíðar," segir Hrafn.

„ÉG SEGI JÁ VIÐ NÝJUM TÆKIFÆRU

Tvær hliðar Victors Guðmundssonar læknanema og plötusnúðs

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Tónlistin hefur verið rauði þráðurinn í lífi læknanemans Victors Guðmundssonar, sem dvelur núna heima á Íslandi þar sem hann starfar á bráðamóttöku Landspítalans og semur tónlist þess á milli. Hann á vinsælasta lag Íslands um þessar mundir, Sumargleðin, sem jafnframt er fyrsta lagið sem hann gefur út í samstarfi við aðra. Victor segir að mikilvægast sé að taka fagnandi á móti nýjum tækifærum.

„Ég var að klára fimmta árið,“ segir Victor, sem er 28 ára gamall og stundar nám við læknskólann Jessenius Faculty of Medicine í Slóvakíu. Sjötta árið getur hann tekið að hluta til hér heima og mun hann ljúka lyflækningum og skurðlækningum á Akureyri, en síðan tekur hann kven- og barnalækningar í Slóvakíu. „Svo er það ein ritgerð, kandiðatsárið og að lokum sérhæfing.“

Hann er fæddur í Stuttgart í Þýskalandi þar sem foreldrar hans voru að læra, en flutti heim eins árs gamall og fyrir átta árum síðan flutti fjölskyldan til Noregs, þar sem faðir hans starfar sem verkfræðingur og móðir hans vinnur á leikskóla. Systir Victors, Eva Mey, var að ljúka fyrsta ári í læknisfræði við sama skóla og hann.

„Mig langaði bara að prófa eitt-hvað nýtt,“ segir Victor aðspurður um af hverju hann valdi Slóvakíu. „Ég er kannski öðruvísi en flestir því að fjölskylda mín býr erlendis og ég var svolítið rótlaus hér á Íslandi þannig að ég hugsaði með mér af hverju ekki að prófa eitt-hvað annað. Ég bjó í Noregi í eitt ár, lærði norsku og hóf að undirbúa mig fyrir inntökupróf í læknisfræði, sem mig langaði alltaf í, en ég var mjög opinn fyrir því að læra erlendis. Fyrsta inntökuprófið var í Slóvakíu, en ég náði því og sló bara til, var búinn að lesa mér til um landið og námið og leist vel á.“

Námið er á ensku og því skipti ekki máli í fyrstu að Victor talaði ekki tungumálið. „Við eigum hins vegar að læra tungumálið jafnt og þétt því á þriðja ári förum við inn á spítala og þar eigum við að geta talað við sjúklinga á slóvakísku,“ segir Victor og bætir við að honum finnst gaman að hjálpa og vera umkringdur fólki og því hafi læknisfræðin legið vel við.

„Mín helsta fyrirmynd í læknisfræðinni er afi minn, Frosti Sigurjónsson, sem var þekktur skurðlæknir hér heima. Við vorum miklir mátar, töluðum mikið um læknisfræði og fleira. Ég fékk stundum að vera með honum upp á stofu og bara féll fyrir læknisfræðinni.“

Ætlað að sérhæfa sig í bráðalækningum

Victor starfar í sumar á bráðamóttöku Landspítalans á Fossvogi og er það í þriðja sinn sem hann er þar. Deildin skiptist í G2 og G3, og er Victor meira á þeirri síðarnefndu, á 2. hæð, þar sem beinbrot, skurðir og fleira er meðhöndlað.

„Mér finnst fjölbreytnin skemmtilegust. Á fjórða árinu í náminu fékk ég að fara á bráða-



Sumargleðin
Plötuumslag lagsins.

móttökuna í verknám og féll fyrir þeirri deild, en þar er nóg um að vera og frábær starfsandi. Ég er ekkert stressaður að eðlisfari og mér líður betur undir pressu heldur en þegar lítið er að gera. Í sumar fæ ég að starfa sem aðstoðarlæknir þar sem ég tek á móti sjúklingum og meðhöndla þá, en ber allar mínar ákvarðanir undir vakthafandi sérfræðing. Þetta er mikill skóli og ég er alltaf að læra eitt-hvað nýtt,“ segir Victor og bætir við að draumasérhæfingin sé bráðalækningar, en heimilislækningar komi líka sterklega til greina. „Þar ertu að hitta fólk með allskonar vandamál. Þú átt líka kost á að fara út á land og ég sé það alveg fyrir mér, vera á nýjum stað.“

Nýtur fulls stuðnings kærustunnar

Dagbjört Guðjohnsen Guðbrandsdóttir, kærasta Victors, var að útskrifast úr læknisfræði í Ungverjalandi núna í vor, en

þau kynntust fyrir þremur árum í skíðaferð í Slóvakíu sem skólarnir héldu sameiginlega. „Hún er líka með listræna hlið og hefur verið að taka ljósmyndir og mála.“

Við erum búin að vera í fjarsambandi síðan við byrjuðum saman, en við höfum keyrt í um fimm klukkustundir á milli til að hittast. Núna verðum við saman á Akureyri, en hún tekur kandiðatsárið sitt þar. Hún hefur líka áhuga á að sérhæfa sig í heimilislækningum þannig að við erum samstíga og við erum dugleg að hvetja hvort annað áfram,“ segir Victor og bætir við að þau sjái alveg fyrir sér að vinna erlendis líka.

„Við ætlum að vera heima en þar sem við höfum bæði búið erlendis sjáum við það alveg fyrir okkur líka, við erum einhvern veginn tilbúin í allt. Maður finnur samt alltaf að rætur manns eru heima á Íslandi og okkur líður vel hérna.“



Veðurguðinn Victor og Ingó að hittast í fyrsta skipti eftir útgáfu.

Íslendingum alltaf að fjölga í Martin

Bærinn sem Victor býr í í Slóvakíu heitir Martin, lítill og vinalegur 60 þúsund manna bær að hans sögn, þar sem allt er til alls í stuttu göngu- eða hjólafæri. „Ég hjóla eða labba hvert sem ég þarf, þetta er svona radius; skólinn, spítalinn, búðin, miðbærinn. Fyrst var maður þínu óviss og varð að bjarga sér, en um leið og maður fer að læra inn á bæinn og tungumálið þá byrjar þetta að rúlla. Bæjarbúar taka manni mjög vel og sérstaklega þegar maður lærir slóvakískuna.“

Martin er sannkallaður stúdentabær og er íslenskum læknanemum alltaf að fjölga. „Þetta hefur aukist verulega og í dag eru yfir 100 læknanemar þar, en meirihluti þeirra skilar sér heim þegar þeir eru búnir að sérhæfa sig. Mér finnst gaman að sjá að fólk er farið að sækja erlendis í nám sem það langar í – það er ekkert að láta neitt stoppa sig.“

Leitar í tónlistina þegar mikil pressa er

Tónlistaráhuginn hefur alltaf verið til staðar hjá Victori. „Pabbi minn er lærður píanóleikari og hann smitaði mig svo rækilega að hann kom mér í Tónlistarskóla Kópavogs þegar ég var 10 ára hjá Kristni Gestssyni, sem kenndi pabba líka,“ segir Victor sem lauk burtfararprófi í júní árið 2011, þegar hann var tvítugur, „sama ár og ég lauk stúdentsprófi frá Verzló og foreldrar mínir fluttu til Noregs, þannig að það var mikið að gera þetta ár.“

Píanónámið var rosalega góður skóli, ég var alltaf að æfa og tónleikar voru reglulega 1-2 sinni í mánuði. Þannig að ég var orðinn vanur því að koma fram og leið vel. Þetta hefur hjálpað mér við að koma fram og vera ekkert að stressa mig á því,“ segir Victor sem fékk rautt NORD-píanó í fermingargjöf frá foreldrum sem hann er enn að nota og segist kunna betur á í dag en þá.

UM OG SÍÐAN GERAST HLUTIRNIR



Plötusnúður Victor spilar í stærsta Halloweenpartýi í Ungverjalandi.



Píanóleikarinn Victor spilar á burtfararprófstónleikum sínum árið 2011.



Læknir Victor að störfum á bráðamóttökunni.

Það er svo gaman að vera í 40 þúsund feta hæð að gera tónlist

„Í grunnskóla tók ég aukatíma í tónsmíðum og þar vorum við að vinna með forritið FL Studio. Síðan þegar ég flyt til Noregs þá byrja ég aftur að vinna með það forrit og gera mín fyrstu lög, sem hafa sem betur fer skánað með tímanum,“ segir Victor brosandí. „Það er svo einkennandi að þegar það er mikil pressa á mér í námi eða vinnu þá leita ég í tónlistina, sest bara við píanóid og byrja að spila.“

Í mars árið 2015, þegar Victor var á öðru ári í læknanáminu, langaði hann að prófa að vera plötusnúður. „Strax á fyrsta ári var maður farinn að kíkja aðeins út á lífið. Í Slovakíu og löndunum í kring er mikil klúbbamening og allt öðruvísi en hér, þar er áherslan á plötusnúðinn og þá tónlist sem hann er að spila, sem er helst svokölluð House-tónlist. Ég er sjálfur að gera tónlist í þeim stíl sem er taktföst og skemmtileg og er mjög mikið í austrinu, en ég hef alltaf haft þennan takt í mér sem tvinnast út

frá píanóinu,“ segir Victor. „Ég fæ skilaboð þar sem ég er beðinn um að spila í nemendapartýi, karnivali þar sem allir áttu að mæta í búningi og ég segi bara já, þrátt fyrir að hafa aldrei spilað áður sem plötusnúður. Ég er svolítið þannig að ég segi bara já við tækifærum og svo gerast bara hlutirnir. Ég hef þarna nokkra daga til að æfa mig, ég var með píanóbakgrunninn sem hjálpaði mér mikið þar sem þetta snýst mikið um takt og talningu, en ég var nokkur kvöld fram á nótt að undirbúa mig, safna og setja saman lög,“ segir Victor og bætir við að þegar hann mætti til að spila hafi hann loksins fundið það sem hann var búinn að leita að.

Í kjölfarið var Victori boðið að spila á öðrum klúbbum í Martin, og síðan koll af kalli á sífellt stærri stöðum og nýjum löndum. Síðan spurdist það heim að hann væri að spila og hann var beðinn um að spila á Þjóðhátíð í Eyjum, þar sem

hann kemur fram í þriðja sinn nú í ágúst og í júní kom hann einnig fram á Secret Solstice þar sem hann spilaði á stóra sviðinu með Svölu Björgvins og kom einnig fram einn. „Þetta er eins og snjóbolti, maður spilar meira og meira og þannig koma ný og ný tækifæri. Eftir tvær vikur er ég á Krít og svo á Seychelles-eyjum í lok ágúst, þar sem ég kem fram með Willy William og fleiri erlendum tónlistarmönnum. Þetta hefur þróast svolítið hratt.“

Verður að vera með listamanns-nafn

Á þriðja árinu í læknisfræðinni hitaði Victor upp fyrir stærsta plötusnúð Slovakíu og sagði vinur hans þá að hann yrði að vera með listamannsnafn. Victor lagði heilann í bleyti til að finna hvaða nafn væri mest einkennandi fyrir hann og Doctor Victor varð ofan á. „Vinur minn sagði að DJ Victor væri ekki nógu sterkt. Ég er bæði plötusnúður og „pródúsént“, það er geri mína eigin tónlist, þannig að nafnið varð að gefa það til kynna, í stað þess að vera með DJ í nafninu,“ segir Victor. „Doctor Victor var síðan prentað á plakatið, það var fullt hús og þannig var nafnið bara meitlað í stein.“

Ég hef stundum verið í læknaþróunum á stærri kvöldum. Á Seychelles-eyjum ætla ég að vera með einhverja grafík á skjá fyrir aftan mig og veit hvað ég vil hafa, ég á bara eftir að útfæra það. Ég er kominn með lógó, sem ég átti hugmyndina að og sendi svo á grafískan hönnuð, sem ákvað að hafa hjartalínuritíð sem mér fannst koma mjög vel út.“

Fyrsta lagið vinsælasta lag landsins

Victor gefur einnig út eigin tónlist, sem í byrjun voru remix, en árið 2017 gaf hann sitt fyrsta lag út á

Spotify. „RVK Events höfðu síðan samband við mig og báðu mig að gera þemalag fyrir Sumargleðina sem er ein stærsta grunnskólahátíð landsins og ég segi bara já þó ég hafi verið í miðjum prófum á þeim tíma. Og ég hugsaði hvað það væri gaman að fá Ingó Védurguð með mér, ég hringi í hann og hann var klár í slaginn. Ég fékk einnig Gumma Tóta bróður hans með, en hann býr í Svíþjóð. Við unnum síðan lagið saman í þremur löndum, þeir tóku hvor upp sinn hluta, ég setti það saman og síðan unnum við saman að því að klára textann sem ég hafði samið.“ Lagið er núna það vinsælasta á Íslandi og þykir Victori ótrúlega gaman að fá fullt af snöppum og myndböndum send þar sem fólk er að dansa og syngja við lagið.

„Þetta finnst mér svo skemmtilegt við tónlistina sem ég er að gera að það er hægt að gera hana hvar sem er. Ég er bara með tölvuna með mér, svo sit ég til dæmis á flugvellinum, skelli á mig heyrnar-tölunum og er bara byrjaður. Það er líka svo gaman að vera í 40 þúsund feta hæð að gera tónlist,“ segir Victor.

Þeir Ingó hittust í fyrsta sinn í lok júní við útskrift Dagbjartar. „Ég hringdi í hann og spurði hvort hann vildi ekki slá tvær flugur í einu höggi, hittast og taka saman acoustic útgáfu af Sumargleðinni, en ég spilaði á píanó og hann gítar. Nú er bara að bíða eftir að Gummi komi heim, spurning hvort við tökum lagið ekki saman á Þjóðhátíð.“

Nýlega kom út lagið Running Back sem Victor vann með Svölu Björgvins ásamt tónlistarmyndbandi. „Síðasta vetur var ég byrjaður að vinna í lagi og hugsaði að þetta væri flott klúbbalag sem væri epískt að fá kraftmikla kvenmannsrödd eins og Svölu í og hafði ég því samband við hana. Hún sló

til og við hittumst tvisvar í stúdíói, tókum lagið upp og kláruðum, en vorum áður búin að vera að vinna að því saman í sitt hvoru landinu. Ég hef góða trú á að það lag verði líka vinsælt.“

Ég er með fullt af tilbúnum lögum og ég hef verið að vinna með nokkrum listamönnum, þannig að það er margt spennandi á leiðinni. Það sem er skemmtilegast við tónlistina núna er að vinna með öðrum listamönnum, eins og Svölu, þar sem maður hittir þá og vinnur með þeim, það veitir manni mikinn innblástur. En mér finnst gaman að vera um stund á Íslandi og mig langar að vinna með nokkrum hér, það er fullt af flottum listamönnum hér heima.“

Læknisfræðin og tónlistin tvinnast vel saman

„Læknisfræðin og tónlistin hefur tvinnast vel saman, þegar ég er undir pressu þá leita ég í tónlistina,“ segir Victor aðspurður um hvort að hann muni alltaf vera bæði í lækningum og tónlist. „Allur minn aukatími fer í tónlist, hún lífgar mig upp þegar ég kem heim þreyttur. Ég get alltaf gripið í tónlistina.“

En er tími fyrir fleiri áhugamál? „Já ég hef gaman af að ferðast, sem er hluti af bæði tónlistinni og læknisfræðinni, en svo er ég nýbyrjaður á hlaupaprógrami hjá Arnari Péturs og það er einhver mesta snilld sem ég hef kynnst. Kannski kemur eitthvað nýtt þegar ég er búinn með læknisfræðina. Ég mæli með því að fólk segi já og keyri á það sem það hefur áhuga fyrir, maður veit aldrei hvað getur gerst.“

Fylgjast má með Victor á helstu samfélagsmiðlum: Facebook og Instagram undir @doctorvictorsound og Spotify undir Doctor Victor. ■

Þetta kostar að lifa eins og áhrifavaldur í eina viku

Nýir áhrifavalda spretta upp nánast í hverjum mánuði og keppast við að sýna fylgjendum sínum á Instagram frá sínu „daglega lífi“ sem er uppfyllt af lúxus, utanlandsferðum, rándýrum merkjavörum og veitingastaðheimsóknum. Þó það sé ekki alltaf tekið fram er mikið um duldar auglýsingar á samfélagsmiðlum og áhrifavalda fá það gefins sem þeir gera eða kaupa, eða fá greitt fyrir, þó þeir gefi það ekki alltaf upp. Það skekkir því raunveruleikann talsvert. Við á DV tókum saman hvað vika í lífi áhrifavalds myndi kosta ef ekkert væri gefins eða greitt fyrir.

Mánudagur

Litun og klipping: 23.000 kr.
Gervineglur: 9.000 kr.
Litun og plokun: 6.000 kr.
Augnháralenging: 18.000 kr.
Hádegismatur: 3.000 kr.
Kaupa kort á námskeið í líkamsrækt: 15.000 kr.
Kvöldmatur: 4.000 kr.

Samtals: 78.000 kr.

Þriðjudagur

Próteinsjeik eftir æfingu: 1.000 kr.
Spa eftir æfingu með hálf tíma nuddi: 10.000 kr.
Hádegismatur: 3.000 kr.
Kaupa ný æfingaföt: 22.000 kr.
Kaffihús með öðrum áhrifavöldum: 2.000 kr.
Sundferð: 1.000 kr.
Kvöldmatur: 5.000 kr.

Samtals: 44.000 kr.

Miðvikudagur

Fylla á próteinduft og önnur fæðubótarefni: 25.000 kr.
Spa eftir æfingu án nudds: 6.000 kr.
Hádegismatur (nesti): 1.000 kr.
Kaupa nýja æfingaskó: 25.000 kr.
Húðslipun á andliti og hálsi: 15.000 kr.
Kvöldmatur: 4.000 kr.

Samtals: 76.000 kr.

Fimmtudagur

Sundferð: 1.000 kr.
Hádegismatur: 3.000 kr.
Kaupa fót fyrir djammíð: 15.000 kr.
Þriggja rétta kvöldverður með vínpörun: 23.000 kr.
Nokkrir kokteilar á bar: 8.000 kr.
Leigubíll heim: 5.000 kr.

Samtals: 55.000 kr.

Föstudagur

Stakur tími í trimmform: 4.000 kr.
Hádegismatur: 4.000 kr.
Kaffihúsaferð með umboðsmanninum: 3.500 kr.
Kaupa nýja hælaskó: 23.000 kr.
Út að borða, einn réttur, ekkert vín: 6.500 kr.

Samtals: 41.000 kr.

Laugardagur

Kaupa brúnksprey: 8.000 kr.
Kaupa aðrar snyrtivörur: 12.000 kr.
Kaupa nýtt bikini: 8.000 kr.
Hádegismatur: 3.000 kr.
Spa með klukkutíma nuddi: 15.000 kr.
Kvöldmatur, eldað heima: 3.000 kr.
Kaupa freyðivinsflösku: 14.000 kr.

Samtals: 63.000 kr.


Sunnudagur

Dögurður á veitingastað: 5.000 kr.
Bóka og borga ferð til Tenerife í viku með hóteli í gegnum ferðaskrifstofu: 300.000 kr.
Vax á fótleggjum, undir höndum og brasilískt vax: 15.000 kr.
Varafyllingarsprautu: 50.000 kr.
Kvöldmatur: 5.000 kr.

Samtals: 375.000 kr.

Heildarkostnaður við vikuna: 732.000 kr.

Inn í þessa útreikninga er ekki tekinn kostnaður við húsnæði, bíl eða almennt heimilishald. Það er því ljóst að manneskja sem myndi vilja tileinka sér lífsstíl áhrifavalds, án þess að fá allt eða hluta gefins, myndi þurfa að vera með svimandi há laun, eða fimm til sex milljónir hið minnsta. Sem dæmi má nefna að mánaðarlaun bankastjóra Íslandsbanka eru rúmar 3,6 milljónir og laun forsætisráðherra rúmar tvær milljónir.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár



Lítt þekkt ættartengsl

Fjallkonan á fjölbreyttum mótum

Fjallkonan og leikkonan Aldís Amah Hamilton vakti verðskuldaða athygli í fyrirnefnda hlutverkunni á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní og flutti ljóð eftir Bubba Morthens við mikla hrifningu viðstaddra. Aldís útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2016 og leikur aðalhlutverkið í nýjum tölvuleik frá Myrkr Games, The Darken.

Móðir Aldísar er Alda Sigmundsdóttir, sem hefur marga fjöruna sopið. Hún er rithöfundur, blaðamaður, þýðandi og bloggari og sló rækilega í gegn með bloggi sem hún hélt úti um árabíl sem hét The Iceland Weather Report. Alda var tilnefnd til alþjóðlegra verðlauna fyrir bloggið á sínum tíma, sem gerði það að verkum að síðan var á pari við heimspekkar bloggsíður á borð við Perez Hilton.

Stóðu sig vel á heimsmeistararnóttunni í dansi

Undanfarna daga hafa tuttugu þúsund keppendur frá sextíu og tveimur löndum tekið þátt í heimsmeistararnóttunni í dansi í Braga, Portúgal. Mótið er eitt það stærsta og fjölbreyttasta sem haldið er fyrir börn og ungmenni en þar er keppt í öllum dansflokkum, bæði fyrir einstaklinga og hópa. Þónokkrir Íslendingar tóku þátt í keppninni og hrepptu meðal annars ein gull-, þrjú silfur- og fjögur bronsverðlaun. Hópur frá Dansskóla Brynju Pétursdóttur hlaut fyrsta sætið fyrir Hipp Hopp í eldri hópa-flokki. Þá lenti Brynjar Dagur Albertsson í öðru sæti fyrir atriði sitt í flokki fyrir einstaklinga í Hipp Hopp. Aðrir dansarar sem náðu sæti í keppninni eru Guðrún Kara Ingudóttir, Hafdís Eyja Vésteinsdóttir, Edda Guðnadóttir, Ragnheiður Ugly Ocares Gautadóttir, Isabella Tara Antonsdóttir, Rut Rebekka Hjartardóttir, Eydís Gauja Eiríksdóttir og Marínó Máni Mabazza.

Brynjar Dagur Albertsson / Mynd: Aðsend



Ásta farin að kela?

Loki

Sveitaástin með Ástu

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur verið lengi í sviðsljósinu, hún var reglulegur gestur á síðum Séð og Heyrt í áraraðir, þar til hún hóf störf þar sem blaðamaður og tók síðan við ritstjórnastólum degi eftir að Eiríki Jónssyni var sagt að yfirgefa hann.

Ásta fór nýjar leiðir þann tíma sem hún var ritstjóri og vöktu nokkur mál gríðarlega athygli og umtal. Eins og títt var sagðist enginn lesa Séð og Heyrt

fyrir en eitthvað vakti umtal, þá kom í ljós að allir lásu blaðið. Ásta lék sér að því að vekja athygli á sér og blaðinu um leið.

Eftir að útgáfa Séð og Heyrt hætti hefur minna farið fyrir Ástu, hún hóf störf á Fréttablaðinu og sá einnig um þættina Ástir með Ástu á FM957. En núna er hún hætt í blaðamennskunni og flutt í sveitina þar sem hún nýtur sín til fulls.

„Ásta Hrafnhildur sterk og stolt, stuðla ég henni

rímu. Er nú komin í Öndarholt ásamt kettinum Grímu,“ skrifar séra Hjálmar Jónsson ljóðrænt á Facebook-síðu Ástu.

Heyrst hefur að í sveitinni, nánar til tekið í Öndarholti, hafi Ásta líka fundið ástina í fangi Þorvaldar Steinþórssonar, sem er jafngamall og hún, árgærd '71 og fyrrverandi nemandi í Garðaskóla eins og Ásta. Heimildarmaður DV segir parið geisla af hamingju og vita að þau eigi samleið í lífinu. ■



netto line



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is